









# FRÉTTABLAÐIÐ

**AÐFANGADAGUR**
24. desember 2013
302. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012





# Ævintýraleg ljósasýning yfir fallegum fjallahring

Jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis

„Þetta er frábært og ég er mjög ánægður með sigurinn," segir Jón Hilmarsson, sigurvegari í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins og Vísis. Sigurmynd Jóns er af norðurljósum yfir Skarðshyrnunni á Skarðsheiði, en hann býr í Melahverfinu í Hvalfirði þar sem hann er skólastjóri. „Ég hef þetta útsýni fyrir augunum alla daga og það hafði lengi verið á stefnuskránni hjá mér að ná góðri norðurljósamynd þegar ljósin lægju yfir. Kvöldið sem ég tók myndina hafði ég verið á þvælingi um kvöldið og var á leiðinni heim þegar ljósin birtust skyndilega. Það borgar sig greinilega að vera úti því ekki nær maður svona myndum heima hjá sér," segir Jón og hlær.

Jón segist mikill áhugamaður um ljósmyndun og sendi frá sér ljósmyndabókina Ljós og náttúra Norðurlands vestra nú fyrir jólin, en áður hafði hann sent frá sér bókina Ljós og náttúra Skagafjarðar árið 2011.

Sjá síðu 24


**Jón Hilmarsson,** sigurvegari í jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis.










**1 SÉRBLAÐ**
Fólk





LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

Gleðilega jólahátíð

Við höfum
opið um jólin

Opið aðfangadag:
kl. 8-18 í Lágmúla
kl. 8-18 á Smáratorgi

Opið jóladag:
kl. 10-1 í Lágmúla
kl. 9-24 á Smáratorgi



Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
OPIÐ TIL 13 Í DAG
GLEÐILEG JÓL

## SPURNING DAGSINS



Ívar, eruð þið að vaða reyk?

**„Já, algjörlega. Austfjarðaþokunni hefur verið lýst sem reyk yfir sjónum þegar sól skín til fjalla.“**

Ívar Ingimarsson, gistihúsaeigandi og fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu, skoðar nú ásamt fleirum möguleika á opnun seturs með Austfjarðaþokuna sem viðfangsefni.

Slæmu veðri spáð yfir jólin en verst verður það á norðanverðu landinu samkvæmt spá Veðurstofunnar:

# Stefnir í lítið ferðaveður um hátíðarnar

**VEÐUR** Áfram er spáð stormi á landinu yfir hátíðarnar, en inn á milli munu koma tímabil þegar dregur úr vindi og úrkomu. Þau munu þó ekki vara lengi. „Með þetta úrkomumagn og svo mikinn vind þá er þetta leiðindaveður. Það verður erfitt við þetta að eiga fyrir fólk sem þarf að komast á milli landshluta,“ segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Verst verður veðrið á norðanverðu landinu með vindi og ofankomu. „Það má í raun draga línu frá Snæfellsnesi og beint austur. Það verður lítið sem ekkert ferðaveður og mikill skafrenningur og snjókoma. Ég vona að fólk fái mikið af bókum í jólagjöf svo það geti bara legið inni og lesið,“ segir Óli.

Veðrið mun gefa eftir annan í jólum, en áfram verður norðaustanátt með éljagangi á norðanverðu landinu. Þó ekki sé útlit fyrir blíðu mun veðrið vera skaplegra.

Veginum um Súðavíkurhlíð var lokað í gærkvöldi og var einnig búist við að loka þyrfti veginum um Ólafsfjarðarmúla. Þar sem von er á mikilli ofankomu um jólin getur verið að opnun vega muni tefjast á meðan gengið er úr skugga um hvort snjóflóðahætta sé til staðar. - skó



**SKAFRENNINGUR** Mikilli ofankomu og vindi er spáð um jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SKÖTUVEISLA** Töluverður fjöldi Íslendinga gæddi sér á skötu á Þorláksmessu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFSTEINN

Fjöldi Íslendinga gæddi sér á kæstri skötu á Þorláksmessu:

## Þétt setið við borðin í skötuveislu

**FÓLK Margt var um manninn, eins og alltaf, í árlegri skötuveislu Arndísar og Finnboga í Bolungarvík í gær. Þau hjónin hafa haldið skötuveislu í tugi ára þar sem stórfjölskyldan, ungir sem aldnir, kemur saman og fær sér vel kæsta skötu og snafs af ísköldu brennivíni. Margsetið var við borðin og voru 15 til 20 kíló af skötu matreidd að þessu sinni.** - hg

Óformlegt samkomulag:

## Ísland fái 11,9% af makrílnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og íslensk stjórnvöld hafa náð óformlegu samkomulagi um að Ísland fái 11,9 prósent af makrílstofninum eftir rúmlega þriggja ára deilu.

Andstaða Norðmanna hefur hins vegar staðið eiginlegum samningi fyrir þrifum.

Óopinbert samningsmarkmið íslenskra stjórnvalda var 12 prósent af stofninum. Óformlega samkomulagið er því býsna nálægt þeim markmiðum.

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir að nú sé rétti tíminn til að semja. „Viðbrögðin eru þau að við eigum að halda áfram á þessum grunni og reyna að byggja á þessu, klárt mál,“ segir hann. - þþ

Flýja átök í Suður-Súdan:

## Átökin harðna

**SUÐUR-SÚDAN** Bandarísk yfirvöld aðstoða ríkisborgara sína að flýja átök í Suður-Súdan. Um 3.000 erlendir ríkisborgarar eru enn innilokaðir í borginni Bor, þar sem átök harðna dag frá degi. Talið er að ríflega þúsund manns hafi látið lífið síðastliðna viku í erjum milli ættbálka. - eb

Útgáfa yfir hátíðarnar:

## Kemur næst út á föstudaginn

Fréttablaðið kemur næst út föstudaginn 27. desember. Fréttavakt verður á visir.is yfir hátíðarnar.

Þjónustuver 365 verður opið í dag, aðfangadag, frá 9 til 16. Á jóladag er opið frá 12 til 16, og frá 12 til 18 annan í jólum.

Auglýsingadeild Fréttablaðsins verður lokuð fram á föstudag.

# Kemur með jólin til barna í El Salvador

Íslendingurinn Einar Sveinsson heimsækir barnaspítala í heimaborg sinni San Salvador á hverjum jólum. Hann hlaut frægð í Rómönsku Ameríku fyrir að leika jólasveininn í sjónvarpsþáttaröð sem byggð er á sögunum um íslensku jólasveinana.

**FÓLK** Einar Sveinsson er með frægari Íslendingum þó að mögulega séu fáir sem þekkja hann og hans störf hér á landi. Einar, sem flutti ungur til El Salvador, hefur getið sér nafn í sjónvarps- og kvikmyndabransanum í Rómönsku-Ameríku og kemst í heimsfréttirnar hér um bil á hverju ári þegar hann heimsækir börn á barnaspítölum í heimaborg sinni San Salvador í jólasveinabúningi.

Einar skartar miklu hvítu skeggi þannig að hann er eins og skapaður í hlutverkið, en það eitt og sér er ekki nóg að hans sögn. „Það er ekki nóg að vera eins og jólasveinn að utan, heldur verður þú að vera það að innan líka.“

Einar hefur búið úti í El Salvador frá árinu 1968, en foreldrar hans bjuggu þar á meðan faðir hans vann að jarðhitaverkefnum fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

„Ég kom hingað bara til að vera í tíu daga í heimsókn, en það var bara alltof gaman til að fara til baka,“ segir Einar og hlær.

Hann kom sér síðar inn í sjónvarpsbransann og vann mikið með stöðvum, meðal annars frá Bandaríkjunum, og það var upp úr því sem jólasveinastandið fæddist.

„Ég kom heim til Íslands vegna aldamótanna jólin 1999 og það var í fyrsta sinn sem ég hélt jól heima síðan ég flutti burt. Þar kynntist ég endursögn jólasveinunum okkar upp á nýtt og hugsaði strax með mér af hverju Disney-fyrirtækið hefði ekki tekið upp á sína arma sögurnar um jólasveinana, eins og þeir hafa gert til dæmis með þýsku þjóðsögurnar. Ég ákvað því að verða fyrri til og skrifaði handrit að átta hluta sjónvarpsþáttaröð.“

Í sinni útgáfu færði Einar sögusviðið frá Íslandi á norðurpólinn. Jólasveinarnir urðu átta talsins og aðstoðarálfar aðaljólasveinsins. Hann kynnti verkefnið fyrir sjónvarpsstöðinni AztekTV í Mexíkó, sem sló strax til.

„Svo þegar ég spurði hver ætti að leika jólasveininn sögðu Mexíkóarnir bara við mig: „Þú ert jólasveinninn. Hver annar?“, þannig að ég var allt í einu kominn fyrir framan myndavélarnar. Og þetta sló svona í gegn að mitt líf umturnaðist við þetta.“ Þættirnir voru sýndir um gervalla Rómönsku Ameríku.

Í framhaldi af þeirri frægð fór Einar að heimsækja barnaspítala árið 2001 og hefur farið víðar í þeim erindagjörðum, meðal annars til Gvatemala. Börnin eru alltaf jafn glöð að sjá jólasveininn og að sögn Einars er ekki útlit fyrir að hann hætti þessu í bili.

„Ég slepp ekki úr þessu,“ segir hann og hlær sínum smitandi hlátri. „Ég leyfi jólasveininum að lifa í mínum skrokki, en reyni samt alltaf að vera Einar fyrst og fremst.“ thorgils@frettabladid.is



**GLEÐIGJAFINN** Einar hitti börnin á Benjamin Bloom barnaspítalanum um daginn, líkt og hann hefur gert frá árinu 2001. Hann segir mikilvægt að hafa jólasveininn innra með sér, en ekki bara að utan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Það er ekki nóg að vera eins og jólasveinn að utan, heldur verður þú að vera það að innan líka.**
>
> *Einar Sveinsson*


Apótekarinn+
lyf á lægra verði

Tilboð
á Nicorette QuickMist munnholsúða

1.000 kr. afsláttur af 1 stk. pakkningu

1.600 kr. afsláttur af 2 stk. pakkningu



Tilboðið gildir til 26. jan. 2014

Apótekarinn
Bíldshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðarkaup, Salavegi, Smiðjuvegi, Glæsibæ, Þverholti Mosfellsbæ og Hafnarstræti Akureyri


Fréttavefurinn Vísir gaf Barnaspítala Hringsins veglega peningagjöf í gær:

# Ein milljón til Barnaspítalans

**SAMFÉLAGSMÁL** Fréttavefurinn Vísir gaf Barnaspítala Hringsins í gær peningagjöf að upphæð ein milljón króna.

Fólkið á Facebook réð því hversu há upphæðin varð. Fyrir hvert „like“ sem Facebook-síða Vísis fékk söfnuðust 25 krónur og á endanum nam upphæðin hátt í milljón króna.

Mikael Torfason, aðalritstjóri 365, og Ólafur Stephensen ritstjóri afhentu Valgerði Einarsdóttur, formanni Kvenfélagsins Hringsins, og Sjöfn Hjálmarsdóttur varaformanni peningagjöfina, sem rennur beint í Barnaspítalasjóðinn.

„Þetta er frábært. Við þökkum innilega fyrir flott framtak. Við erum stundum orðlaus yfir velvildinni í okkar garð,“ sagði Valgerður við afhendinguna. „Þetta á eftir að koma að góðum notum.“

Hringurinn, sem vinnur að líknar- og mannúðarmálum, fagnar 110 ára afmæli 26. janúar næstkomandi. „Við höldum alltaf upp á afmælin okkar með afmælissúkkulaði fyrir félagskonur en kannski verður eitthvað meira gert í tilefni dagsins,“ sagði Sjöfn. - fb



**TÓKU VIÐ PENINGAGJÖF** Mikael Torfason og Ólafur Stephensen afhentu Valgerði Einarsdóttur (til hægri) og Sjöfn Hjálmarsdóttur peningagjöfina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**110**

Hringurinn fagnar 110 ára afmæli sínu á næsta ári




# VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í FRIÐI OG RÓ

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar samfylgdina á árinu óskum við öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Sýnum alúð og aðgát um hátíðirnar og pössum vel hvert upp á annað. **VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

ENNEMM / SÍA / NM60748

## SVONA ERUM VIÐ



**84.000** **Íslendingar á aldrinum 18 til 67 ára borða skötu á Þorláksmessu samkvæmt könnun MMR árið 2012.**

**Samkvæmt könnun MMR þetta árið fer þeim fjölgandi sem leggja þetta góðmeti sér til munns eða um 100 þúsund þegar allt var talið.**

Friðbert Traustason, formaður SSF, gagnrýnir skatta á fjármálafyrirtækin:

# Skattur á banka fækkar störfum

**ATVINNUMÁL** Áætlanir ríkisstjórnarinnar um að hækka skatta á fjármálafyrirtæki munu fækka störfum og koma niður á viðskiptavinum þeirra.

Þetta segir Friðbert Traustason, formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), í leiðara í nýútgefnu blaði samtakanna.

„Enn einu sinni á að bjarga ríkissjóði, og nú einnig að uppfylla kosningaloforð stjórnarflokka um skuldaniðurfellingu, með því að hækka skatta á fjármálafyrirtæki og starfsmenn þeirra,“ segir Friðbert.

Hann segir nýjan fjársýsluskatt og sérstakan bankaskatt eiga eftir að draga úr launahækkunum og halda aftur af nýráðningum.

„Þessir hækkuðu skattar og gjöld hafa verulega bitnað á starfsmönnum og fjölskyldum þeirra undanfarin ár. Um tvö þúsund starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa misst vinnuna, lífsviðurværi sitt, á undanförnum fimm árum. Enda kemur það skýrt fram í frumvarpi að lögum



**ÚTIBÚ** Bankaskatturinn á samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2014 að hækka úr tveimur milljörðum í níu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR.

um fjársýsluskattinn að skattlagningunni sé ætlað að hafa neikvæð áhrif á atvinnugreinina og starfsmenn hennar.“ - hg

Úttekt á þróunarsamvinnu:

# Leita leiða til að efla árangur

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur falið Þóri Guðmundssyni, sviðsstjóra alþjóðasviðs Rauða kross Íslands, að gera úttekt á skipulagi og fyrirkomulagi þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðar- og neyðaraðstoðar.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að markmiðið með úttektinni sé að efla árangur og skilvirkni í málaflokknum. Stefnt er að því að vinnu við úttektina ljúki fyrir mitt næsta ár. - bj



**VIÐ UNDIRRITUN** Benedikt Jónsson sendiherra og David Gauke, vararáðherra hjá breska fjármálaráðuneytinu. MYND/FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ.

Samningur við Breta í höfn:

# Aftur samið um tvísköttun

**VIÐSKIPTI** Nýr samningur milli Íslands og Bretlands sem á að koma í veg fyrir tvísköttun á tekjur og söluhagnað hefur verið undirritaður.

Samningurinn felur fyrst og fremst í sér aðlögun að gildandi stefnu ríkjanna tveggja í tvísköttunarmálum og þeim breytingum sem orðið hafa á tvísköttunarfyrirkomulagi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá því að núgildandi samningur var undirritaður árið 1991.

Vonast er til að samningurinn komi til framkvæmda 1. janúar 2015. - hg

## LEIÐRÉTT



Þau leiðu mistök urðu við gerð jólakrossgátunnar að það láðist að skyggja einn reit fyrir lausnarorðið, sem telur tólf bókstafi. Sá sem gleymdist er áttundi (þriðji síðasti) reiturinn í 7 lárétt.

# Meirihluti óöruggur í miðbæ

Meirihluti þátttakenda í könnun lögreglunnar telur sig vera óöruggan í miðbæ Reykjavíkur að næturlagi. Hlutfallið jókst eftir því sem þátttakendur bjuggu fjær miðborginni. Þá telja konur sig óöruggari en karlar.

**ÖRYGGI** Í könnun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á viðhorfum til lögreglunnar, ótta við afbrot og reynslu af þeim, kemur fram að meirihluti höfuðborgarbúa telur sig vera óörugga eina á gangi í miðborg Reykjavíkur að næturlagi. Konur telja sig óöruggari í miðborginni heldur en karlar og hlutfall þeirra sem eru öruggur eykst eftir því sem þeir búa fjær miðborginni. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi sig hins vegar örugga í eigin hverfi á gangi að næturlagi. Konur eru þó óöruggari en karlar og eru íbúar Breiðholts óöruggari í samanburði við íbúa annarra svæða. Afbrot eru þó ekki tíðari í Breiðholtinu en annars staðar.

Tæplega sextíu prósent svarenda telja sig vera mjög eða frekar óörugga eina á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur er skollið á eða eftir miðnætti um helgar. Einungis sex prósent svarenda töldu sig mjög örugga eina á gangi á þessu svæði. Þessar niðurstöður eru svipaðar og niðurstöður fyrri ára. Karlar telja sig öruggari en konur eftir miðnætti um helgar í miðborginni. Þá er ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára mun líklegra en aðrir til að finna til öryggis við þessar aðstæður.

Eftir því sem fólk býr lengra frá miðborginni, verður það óöruggara þar að næturlagi. Ríflega sextíu prósent íbúa í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi telja sig óörugga, en eingöngu þrjátíu prósent miðborgarbúa.

Hins vegar telur mikill meirihluti þátttakenda sig vera öruggan einan á gangi að næturlagi í sínu eigin hverfi. Líkt og í miðborginni eru karlar líklegri til að finna fyrir öryggi einir á gangi í sínu hverfi í samanburði við konur.

Þá telja íbúar Breiðholts sig óöruggari í eigin hverfi samanburði við íbúa annarra svæða. Í afbrotatölfræði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2013 má þó sjá að afbrot eru ekki algengari í Breiðholti heldur en á öðrum svæðum borgarinnar, miðað við íbúafjölda.

Könnunin, sem framkvæmd hefur verið árlega síðan 2007 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, tók til tvö þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 14. maí til 23. júní, og var svarhlutfall 64 prósent.

Þetta er í fyrsta sinn sem könnunin fór eingöngu fram rafrænt á internetinu og er talið að það hafi haft áhrif á niðurstöður hennar. Til dæmis hefur þeim fjölgað sem segjast hafa orðið fyrir kynferðisbroti eftir að farið var að leggja fyrir netkönnun, en slík svör komu sjaldan fram þegar könnunin var lögð fyrir í gegnum síma, segir í niðurstöðum Félagsvísindastofnunar. Í könnuninni nú sögðust 18 svarendur hafa orðið fyrir kynferðisbroti árið 2012, eða eitt prósent svarenda. eva@frettabladid.is

## ÓÖRYGGI Í MIÐBORGINNI

**Meirihluti telur sig óörugga í miðborginni** 59% svarenda töldu sig vera mjög eða frekar óörugga eina á gangi í miðborg Reykjavíkur að næturlagi.

*Hversu öruggur eða óöruggur finnst þér þú vera þegar þú gengur einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skollið á eða eftir miðnætti um helgar?*

**Karlar**




**Konur**




■ Mjög eða frekar óöruggir
■ Mjög eða frekar öruggir



**ÖRYGGI HÖFUÐBORGARBÚA** Meirihluti borgarbúa er öruggur í eigin hverfi

## Íbúar Breiðholtsins geta andað rólega



**ÓMAR SMÁRI ÁRMANNSSON**

„Nema síður sé. Við vorum á íbúafundi fyrir stuttu þar sem kom fram að Breiðholtið er með öruggustu svæðum höfuðborgarsvæðisins,“ segir Ómar Smári Ármannsson, stöðvarstjóri lögreglunnar í Breiðholti, þegar hann er spurður að því hvort tilfinning íbúa Breiðholts sé rétt og svæðið í raun óöruggara en önnur á höfuðborgarsvæðinu. Ómar Smári segir lítinn mun vera á tíðni afbrota milli hverfa í borginni. Hann telur ástæðu þess að Breiðhyltingar upplifi sig óörugga geta verið vegna umfjöllunar um alvarlega glæpi. „Það þarf ekki einu sinni umfjöllun um mál hér á landi. Fólk upplifir sig sífellt meira sem hluta af umheiminum,“ segir Ómar Smári, en bætir því við íbúar geti andað rólega í Breiðholti.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**JÓLASTORMUR OG HRÍÐ** Norðaustan hvassviðri eða stormur á landinu í dag og á morgun jóladag. Skafrenningur og stórhríð víða norðan- og austantil en slydda við ströndina eystra. Úrkomulaust að mestu syðra.




**Á morgun**
13-23 m/s.




**Annar í jólum**
10-20 m/s, hvassast fyrir norðan.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 8° | Gautaborg | 7° | London | 11° | Orlando | 22° | San Francisco | 15° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 11° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 17° | Ósló | 7° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 8° | Friedrichshafen | 10° | Las Palmas | 21° | New York | 5° | París | 10° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Gleðilega hátíð
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar er opnun þokuseturs skipulögð?
**2.** Hvers konar tæki ætlar Alþingi að kaupa í öryggisskyni?
**3.** Hvar voru forfeður nútímahúskatta fyrst tamdir?

**SVÖR:**
**1.** Á Stöðvarfirði. **2.** Málmleitartæki. **3.** Í Kína.

Forseti ASÍ segir rangt að eigin hagsmunir forystumanna hafi stýrt leiðavali:

# Segir sér gróflega misboðið

**FÉLAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir að sér sé gróflega misboðið vegna ásakana um aukna misskiptingu vegna nýgerðra kjarasamninga og hvernig fjölmiðlar hafi hampað þeim aðilum sem ásaka mest.

Í grein sem Gylfi skrifar á vef ASÍ fer hann yfir samningaviðræðurnar og aðkomu ríkisstjórnarinnar. Segir hann allar samninganefndir ASÍ hafa verið sammála á laugardagsmorgun um að ganga til samninga.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Telur Gylfi að það hafi ekki verið byggt á því að nefndirnar hafi talið það sem væri á borðinu í samræmi við óskir eða væntingar, heldur frekar á því hvort líklegt væri að hægt væri að ná frekari hækkunum án verulegra átaka og tilkostnaðar sem rynni sjálfkrafa út í verðlagið. Gylfi segir þá forsvarsmenn, sem séu ósáttir nú, hafa verið sammála félögum sínum um stöðumatið.

„Um þverbak keyrir þegar þeir fullyrða að þessir kjarasamningar, þar sem enn einu sinni er lögð áhersla á að hækka lægstu laun hlutfallslega meira en önnur laun, leiði til aukinnar misskiptingar og að ég og aðrir forystumenn hafi valið þessa leið vegna eigin hagsmuna!“ skrifar Gylfi. **- skó**

Hluti Toronto rafmagnslaus:

# Köld og myrk jól hjá mörgum

**KANADA** Rafmagnslaust er hjá um 220.000 íbúum borgarinnar Toronto í Kanada. Vonast er til að viðgerðum ljúki að mestu á fimmtudag en einhverjir munu ekki fá rafmagn aftur fyrr en eftir helgi. Fjöldi borgarbúa mun því ekki hafa rafmagn yfir jólin.

Stormur gekk yfir borgina og brotnuðu margir rafmagnsstaurar þegar ís safnaðist á þá. Spáð er allt að 15 stiga frosti á svæðinu og er búið að opna neyðarskýli víðs vegar um borgina. **- skó**

# Kapelluklukkan fannst í frystihúsi

Verið er að leggja lokahönd á endurgerð Franska spítalans á Fáskrúðsfirði. Mikið af gömlu húsaviðunum var nýtt. Nýtt hótel verður opnað þar í vor. Kaþólsk kapella fær nýtt líf og ómetanlegir munir hafa fundist – kapelluklukkan og hljóðfæri hennar – harmoníið.

**MANNLÍF** „Það var ekki á elleftu stundu, heldur þeirri tólftu sem ráðist var í að bjarga spítalanum. Ástandið á honum þegar hafist var handa var með þeim hætti,“ segir Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, en Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði verður tekinn í notkun í vor. Fosshótel hafa tekið að sér að reka hótel í spítalanum sem nú er nærri því fullbókað fyrir sumarið.

Minjavernd fór að horfa til þess árið 2006 að endurbyggja spítalann. Áður hafði hópur áhugafólks á Fáskrúðsfirði bundist samtökum og leitað leiða til að endurbyggja húsið. Töluverður áhugi var líka hjá Frökkum, læknasamtökum og öðrum aðilum, m.a. í vinabæ Fáskrúðsfirðinga – Gravelines í Frakklandi.

Hugsunin af hálfu Minjaverndar var fyrst sú að endurbyggja húsið þar sem það stóð þá úti í Hafnarnesi. Síðar var ákveðið að flytja húsið á þann stað þar sem spítalinn hefur nú verið endurbyggður, neðan Hafnargötu á Fáskrúðsfirði. Enn fremur var ákveðið að endurgera sjúkraskýlið og líkhúsið auk þess sem gamla kapellan verður endurbyggð sem kapella og nýtt sem slík.

Þorsteinn segir að leitað hafi verið að gömlum munum sem tilheyrðu kapellunni, sem bar meiri árangur en menn þorðu að vona.

„Gamla klukkan fannst fljótlega, en hún hafði verið í höndum áhugamanns á Fáskrúðsfirði um húsverndun og sögu um alllangt skeið. Hann fann klukkuna í strigapoka uppi á lofti í gömlu frystihúsi sem var rifið fyrir áratugum. Hún verður sett á sinn stað í nýjan klukknaturn,“ segir Þorsteinn.



> **Það var ekki á elleftu stundu, heldur þeirri tólftu sem ráðist var í að bjarga spítalanum.**
>
> *Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar*

Fleira kom til því á gömlum myndum innan úr kapellunni sjást styttur af dýrlingum, sem Minjavernd hóf leit að í samstarfi við kaþólska söfnuðinn í Reykjavík [sjá til hliðar]. Kom upp úr dúrnum að þessar sömu styttur höfðu verið fluttar suður, en kapellan var afhelguð 1929 sama ár og Landakotskirkja, eða Kristskirkja, var í byggingu. „Við fórum með þessar myndir á fund kaþólikka hér í bænum og þá kom í ljós að dýrlingamyndirnar standa uppi í Landakoti í dag og eru í miklum metum. Þeir hafa gert afsteypur af styttunum tveimur sem séra Jakob Rolland fór með austur, og eru geymdar hjá Pétri, Davíð og Pétri, munkum af reglu hettumunka á Kollaleiru í Reyðarfirði,“ segir Þorsteinn. „Gamla harmoníið fannst svo á dögunum í geymslu kaþólska safnaðarins og fer austur og þjónar sem hljóðfæri kapellunnar.“

svavar@frettabladid.is



**ALTARI** Myndin er tekin árið 1911 af kapellualtarinu á Fáskrúðsfirði. Líkneskin tvö standa nú í Landakotskirkju. Afsteypur hafa verið gerðar og munu standa á upprunalegum stað í kapellunni endurgerðri eystra. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**NIÐURLÆGING** Húsið var svo gott sem ónýtt þar sem það stóð á Hafnarnesi, eyðibyggð austarlega á suðurströnd Fáskrúðsfjarðar. MYND/ÞORSTEINN



**JÓLIN KOMA** Myndin er tekin 11. desember af húsinu nær fullbyggðu á sínum stað neðan Hafnargötu. Þar mun Fosshótel reka glæsilegt hótel.

## Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði: Frá niðurlægingu til bjartrar framtíðar

- Undir aldamótin 1900 byggðu Frakkar þrjá spítala á Íslandi, á Fáskrúðsfirði, í Vestmannaeyjum og í Reykjavík. Að Búðum á Fáskrúðsfirði reis Sjúkraskýli 1896, síðan Kapella, spítalinn 1904, síðan Líkhús og loks Læknishús 1907.
- Kirkjugarður var staðsettur utan við þorpið og þar er vitað um 49 grafir. Spítalinn var fyrsta sjúkrahús reist á Íslandi og hafði ýmsar tækninýjungar sem fá hús höfðu á Íslandi. Vatn var rennandi í krana, vatnsklósett og frárennsli, rafstöð var í kjallara, apótek, skurðstofa og sjúkraherbergi.
- Sjúkraskýlið stendur á sínum upphaflega stað, er nú íbúðarhús og heitir Grund. Kapellan var afhelguð 1923, flutt upp í þorpið, gerð að tvíbýlishúsi og síðar rafmagnsverkstæði og geymslu. Líkhúsið var rifið.
- Læknishúsið var orðið mjög hrörlegt þegar það var gert upp fyrir bæjarskrifstofur Fáskrúðsfjarðar, en stóð síðan aftur autt eftir sameiningu sveitarfélaga í Fjarðabyggð.
- Franski spítalinn var um tíma notaður sem skóli að Búðum, en tekinn niður 1939 fjöl fyrir fjöl og efni hans flutt sjóleiðina út á Hafnarnes. Þar var hann endurreistur sem fjölbýlishús með 5 íbúðum og skóla. Hann var í notkun þar rétt fram yfir 1960 en fór þá í eyði.

*Heimild: Þorsteinn Bergsson, Minjavernd*



**FRAMTÍÐARSÝN** Minjavernd hóf að huga að endurgerð hússins árið 2006, og teikningar sýndu að möguleikarnir voru ótæmandi. MYND/LÁRABJÖRNS

# EINFALDLEGA ALLT TIL JÓLANNA




## AFGREIÐSLUTÍMI 24.–27. DESEMBER

| | | SKEIFAN EIÐISTORG GARÐABÆR | SMÁRALIND KRINGLAN | AKUREYRI | SPÖNGIN | HOLTA-GARÐAR | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞRI | 24. DES | OPIÐ TIL 16 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 | 9-14 |
| MIÐ | 25. DES | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ |
| FIM | 26. DES | OPNAR 11 | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ |
| FÖS | 27. DES | 24 TÍMA | 11-20 | 11-24 | 11-20 | 11-20 | 11-19:30 |

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 16.12.13 - 22.12.13







1 Lygi
Yrsa Sigurðardóttir

2 Skuggasund
Arnaldur Indriðason







3 Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson

4 Ólæsinginn
Jonas Jonasson







5 Vísindabók Villa
Vilhelm Anton jónssin

6 Tímakistann
Andri Snær Magnason






7 Sæmd
Guðmundur Andri Thorsson

8 Sigrún og Friðgeir
Sigrún Pálsdóttir







9 Guðni léttur í lund
Guðni Ágústsson

10 Mánasteinn
Sigurjón B. Sigurðsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson


# ÁSTAND HEIMSINS






**GÓÐAR GJAFIR** Þessi hressi sjimpansi í dýragarðinum í Varsjá fékk góðar gjafir í tilefni hátíðanna í gær. Í pökkunum leyndust bæði leikföng og ávextir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**RAUÐ JÓL** Það er óhætt að segja að jólasiðir séu mismunandi milli landa, en hér eru þátttakendur í hefðbundnu jólabaði á ströndinni í Mónakó að koma upp á þurrt. NORDICPHOTOS/AFP



**JÓLABRETTABRUN** Þessi brimbrettakennari á Balí í Indónesíu brá á leik með krökkunum á ströndinni og skellti sér í jólasveinabúning. Mikil spenna er annars í Indónesíu þar sem stjórnvöld hafa varað við yfirvofandi hættu á hryðjuverkum um hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/APA



**JÓLI Í TRÉNU** Þrátt fyrir að aðeins tvö prósent Indverja séu kristnir eru jólin haldin þar hátíðleg. Þessi jólasveinn hitti til að mynda krakka í borginni Amritsar og gaf þeim sælgæti. NORDICPHOTOS/AFP



**HÁTÍÐ Í PÉTURSBORG** Rússneski jólasveininn veifar hér fólki sem saman var komið fyrir framan Kazanskí-dómkirkjuna í Pétursborg. Fylgjendur rétttrúnaðarkirkjunnar halda jól hinn 7. janúar. NORDICPHOTOS/AFP



**JÓLIN ALLS STAÐAR** Áhöfnin á breska ísbrjótnum HMS Protector er nú á Suðurskautslandinu og stillti sér upp í jólamyndatöku á dögunum. Allir voru í hátíðarskapi í góða veðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**JÓLAFAGNAÐUR Í GASA** Palestínskur fylgjandi grísku rétttrúnaðarkirkjunnar bregður hér á leik með ungri stúlku fyrir utan kirkju heilags Porfiríusar í Gasaborg. NORDICPHOTOS/AFP


Gleðileg jól
Arion banki óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Arion banki

Tapað peningaveski fundið:

## Sjö ára stúlka fékk veskið sitt

**LÖGREGLUMÁL** Veski sem níu ára stúlka fann á Þórunnarstræti á Akureyri á föstudag komst í hendur eiganda síns í gærmorgun.

Eigandinn var sjö ára stúlka sem uppgötvaði það ekki fyrr en í gærmorgun að veskið væri týnt. Í því voru peningar sem hún hafði safnað og fengið í afmælisgjöf. Stúlkunni var því mjög brugðið og var mikil leit gerð á heimilinu sem engan árangur bar.

Fjölskylduvinur sagðist hafa heyrt eitthvað um að lögreglan væri með barnaveski í óskilum og þegar það var kannað stóð heima að það var rétta veskið.

Það var því fegin sjö ára hnáta sem skottaðist á lögreglustöðina í gær til að sækja týnda veskið. - fb

**ÞJÓNUSTA**

### Metan í Álfheima

Olíuverzlun Íslands hefur sótt um leyfi til að koma fyrir metanafgreiðslu við bensínstöð sína í Álfheimum. Metandælan á að vera austasta dælan undir skyggni við stöðina.



**PÓSTUR** Póstmagn minnkaði um sex prósent á árinu 2013, og er gert ráð fyrir fimm prósenta samdrætti á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gjaldskrá póstsins hækkar:

## Meðalhækkun um níu prósent

**NEYTENDUR** Gjaldskrá Íslandspósts mun hækka um áramótin samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Meðaltalshækkunin er um níu prósent.

Frímerki á bréf í A-pósti hækka úr 120 í 130 krónur, um 8,3 prósent. Bréf í B-pósti kosta nú 103 krónur en hækka í 112 krónur, um 8,7 prósent.

Íslandspóstur, sem hefur einkarétt á póstsendingum af þessu tagi, vildi hækka gjaldskrána um 21 til 32 prósent. Póst- og fjarskiptastofnun tók ekki undir forsendur fyrirtækisins nema að hluta og heimilaði mun minni hækkun en farið var fram á. - bj

## NORÐURLÖND

### Kaupa ódýrari gjafir en áður

**1** **NOREGUR** Þótt Norðmenn hafi meira á milli handanna en áður eyða þeir nú minna fé til jólagjafakaupa heldur en í fyrra samkvæmt könnun Danske Bank og DNB. Hagfræðingar telja skýringuna vera þá að þeir hafi áhyggjur af framtíðinni og að þeir eigi í raun allt sem þeir þurfa. Konur í samböndum fá að meðaltali 25 prósentum dýrari gjöf en karlarnir. Talið er að það sé mögulega vegna þess að þeir gera innkaup á síðustu stundu.

### Fátækir frá A-Evrópu í 67 sveitarfélögum

**2** **SVÍÞJÓÐ** Fátæklingar frá Austur-Evrópu, sem oft eru heimilislausir og betla á götum úti, eru ekki lengur bara í stórborgum Svíþjóðar. Samkvæmt könnun á vegum sænska ríkisútvarpsins hefur þeirra orðið vart í 67 sveitarfélögum á þessu ári. Flestir heimilislausu einstaklingarnir eru frá Rúmeníu. Nokkrum hefur tekist að fá vinnu en margir sjá fyrir sér með betli, dósasöfnun eða með því að leika tónlist úti á götu.

### Bætur vegna ölvaðra jólasveina

**3** **SVÍÞJÓÐ** Svíar sem ráða jólasvein til starfa fyrir sig geta kvartað til sérstakrar nefndar hafi sveinki verið ölvaður eða lyktandi af áfengi, dónalegur eða svo ógætinn að gjafir hafi skemmst. Frá þessu er greint á vef Gautaborgarpóstsins þar sem vitnað er í Mariu Wiezell, ráðgjafa hjá neytendasamtökum í Svíþjóð. Kaupandi þjónustunnar verður að geta sýnt fram á hvað samið var um.

### Treysta jólasveininum jafn vel og lækninum

**4** **DANMÖRK** Vísindamenn við Glostrup-sjúkrahúsið í Danmörku veltu því fyrir sér hversu mikils trausts jólasveinninn nýtur í raun og veru. Þeir fengu skeggjaðan prófessor til að klæðast bæði læknaslopp og jólasveinabúningi og segja sömu söguna. Vísindamennirnir fóru síðan með upptökurnar í verslunarmiðstöð og spurðu 52 einstaklinga nokkurra spurninga, meðal annars hversu traustvekjandi sögumaðurinn var. Læknirinn fékk 176 stig af 260 mögulegum á skalanum 1 til 10 en jólasveinninn 154.




ÁSBYRGI ehf
Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁSBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík






# Saka Pútín um sýndarmennsku

Báðar liðskonur Pussy Riot voru látnar lausar í Rússlandi í gær. Þær gagnrýna rússneskt réttarfar og ætla að stofna mannréttindasamtök til að sinna réttindabaráttu fanga. Segja Pútín vera að reyna að bæta ímynd sína fyrir Ólympíuleikana.

**RÚSSLAND** „Þetta er engin sakaruppgjöf. Þetta er blekkingarleikur og tilraun til að lappa upp á ímyndina,“ segir María Alekhína, sem í gær var látin laus úr fangelsi í Rússlandi ásamt Nadesjdu Tolokonnikovu, félaga sínum úr pönksveitinni Pussy Riot.

„Ef ég hefði haft tækifæri til að hafna þessu, þá hefði ég gert það,“ segir Alekhína, sem hefur rétt eins og Tolokonnikova setið í fangelsi frá því í mars á síðasta ári.

Tolokonnikova brosti hins vegar breitt þegar hún gekk út úr fangelsinu í Krasnojarsk, í 25 stiga frosti austast í Síberíu, en tók strax til við að gagnrýna harðlega bæði stjórnarfar og réttarfar í Rússlandi: „Ég sá þessa litlu alræðisvél innanfrá,“ segir hún. „Rússland starfar með sama hætti og fanganýlenda.“

Rétt eins og Alekhína segir hún að lausn þeirra úr fangelsi sé ekkert annað en sýndarmennska af hálfu Pútíns forseta og annarra rússneskra ráðamanna. Þeir séu að reyna að styrkja ímynd sína gagnvart Vesturlöndum fyrir Vetrarólympíuleikana, sem haldnir verða í Rússlandi í febrúar: „Þeir hafa mestan áhuga á því að koma í veg fyrir að öll Vesturlönd hætti við að mæta til rússnesku Ólympíuleikanna.“



**MARÍA ALEKHÍNA** Spjallar við fréttamenn nýkomin úr prísundinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tolokonnikova segir að þær Alekhína ætli sér að stofna mannréttindasamtök sem muni vinna að réttindabaráttu fanga. Þótt þær hafi verið látnar lausar þremur mánuðum fyrr en til stóð, þá séu enn fjölmargir fangar í Rússlandi sem búi við harðræði og sitji inni fyrir litlar sakir.

Mikhaíl Khodorkovskí, rússneski auðkýfingurinn sem var látinn laus fyrir helgi, hefur einnig sagst ætla að helga líf sitt baráttunni fyrir réttindum fanga í Rússlandi.

gudsteinn@frettabladid.is

## Atburðarásin

**21. febrúar** Lítt þekkt kvennahljómsveit, Pussy Riot, efndi til mótmæla í Kristskirkjunni í Moskvu, helstu kirkju rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Þar fóru þær með heimatilbúna pönkbæn þar sem Guð var beðinn um að hrekja Vladimír Pútín forseta frá völdum. Uppákoman stóð ekki lengi því öryggisverðir fjarlægðu þær innan mínútu. Myndbandsupptaka af uppákomunni fór hins vegar víða.

**16. mars** Jekaterína Samútsevitsj einnig handtekin fyrir uppákomuna í kirkjunni.

**6. júlí** Réttarhöld hefjast.

**10. október** Samútsevitsj látin laus eftir að hún hafði skipt um lögmann. Dómi hennar breytt í skilorðsbundið fangelsi.

**21. október** Tolokonnikova flutt í aðrar fangabúðir, enn lengra frá Moskvu. Fjölskyldu hennar ekki tilkynnt um það fyrr en nokkrum vikum síðar.

2012: jan. feb. mars apríl maí júní júlí ágúst sept. okt. nóv. des.
2013: jan. feb. mars apríl maí júní júlí ágúst Sept. okt. nóv. des.

**3. mars** María Alekhína og Nadesjda Tolokonnikova handteknar og sakaðar um óspektir og trúarhatur.

**4. júní** 2.800 blaðsíðna ákæruskjal birt á hendur konunum þremur.

**8. ágúst** Réttarhöldunum lauk með sakfellingu. Þær voru allar dæmdar í tveggja ára fangelsi.

**22. október** Alekhína flutt til fangabúða í Perm í Úralfjöllum, í 950 km fjarlægð frá fjölskyldu hennar í Moskvu. Tolokonnikova flutt í fangabúðir í Síberíu, í 4.200 km fjarlægð frá Moskvu.

**23. september** Tolokonnikova fer í hungurverkfall til að mótmæla mannréttindabrotum í fangabúðunum.

**23. desember** Þær Alekhína og Tolokonnikova báðar látnar lausar, aðeins tæpum þremur mánuðum áður en fangavistinni átti að ljúka.



PIPAR\TBWA · SÍA · 133766






**RISAVAXIN** Táknmynd bráðnunar á Grænlandi eru ísjakarnir, en fleira kemur til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vatnsgeymir á stærð við Írland í jöklinum

Vísindamenn hafa fundið vatnsgeymi undir Grænlandsjökli sem er á stærð við Írland. Hann heldur 140 milljörðum tonna af vatni. Fundurinn breytir mati manna á samspili jökulsins við frekari hlýnun jarðar og hækkun sjávarborðs.

**GRÆNLAND** Vísindamenn hafa fundið vatnsgeymi undir Grænlandsjökli sem er á stærð við Írland. Enn hafa menn ekki hugmyndir um hvenær allt þetta vatn losnar úr jöklinum eða hvert það mun renna þegar þar að kemur. Magnið er þó slíkt að það mun hafa áhrif á hækkun sjávar þegar til framtíðar er litið.

Rannsóknin var birt í tímaritinu Nature Geoscience. Þar er bent á að bráðnun Grænlandsjökuls hefur leikið stórt hlutverk í hækkun sjávarborðs á síðustu 100 árum. Á árabilinu 1992 til 2001 bráðnuðu 34 milljarðar tonna af ís, sem jókst í 215 milljarða tonna á ári á tímabilinu 2002 til 2011.

Vorið 2011 boruðu vísindamennirnir djúpt í jökulinn og komust að því, sér til undrunar, að mikið af bráðnu vatni var í jöklinum þrátt fyrir að hitastigið væri fimmtán stiga frost. Þar sem árleg sumarbráðnun var ekki hafin varð vísindamönnunum ljóst að vatnið hafði ekki frosið í vetrarkuldunum.

Gróft mat hópsins á því magni vatns sem um er að ræða kemur ekki síður á óvart. Geymirinn sjálfur er um 70.000 ferkílómetrar og heldur um 140 milljörðum tonna af vatni, en Grænland er 2,2 milljónir ferkílómetrar að stærð. Hvert allt þetta vatn fer er önnur spurning sem glímt er við; ef geymirinn er ekki tengdur neinni útrás frá jöklinum nú þegar er ljóst að um tank er að ræða sem á eftir að finna sér útleið. Ljóst er þó að um nýja uppgötvun er að ræða sem rannsaka þarf betur áður en hægt er að meta áhrifin á hækkun sjávarborðs til framtíðar.

Talið er að snjór sem fellur síðsumars á svæðinu virki í raun eins og einangrun. Snjómagnið kemur í veg fyrir að frostið á yfirborðinu nái niður í vatnsgeyminn, og þess vegna helst það í fljótandi formi út veturinn. Eins er því slegið fram sem tilgátu að hugsanlega sé jarðhiti þarna undir jöklinum sem veldur bráðnuninni.

Í frétt BBC af málinu er tiltekin pæling Joels Harper, vísindamanns við háskólann í Montana, en hann veltir því upp að þetta nýfundna fyrirbæri gæti haft áhrif á hvernig Grænlandsísinn bregst við frekari hlýnun jarðar.

svavar@frettabladid.is

**➜ Vatnsgeymirinn 70% af stærð Íslands**




➜ Á árabilinu 1992 til 2001 bráðnuðu **34 milljarðar** tonna af ís, sem jókst í **215 milljarða** tonna á ári á tímabilinu 2002 til 2011. Geymirinn er talinn halda um **140 milljörðum** tonna af vatni












HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-3430



Fiton ehf./SÍA


Eimskipafélag Íslands
óskar landsmönnum öllum
gleðilegra jóla!
Eimskipafélagið var stofnað 17. janúar 1914, með stórkostlegri
samstöðu Íslendinga beggja vegna Atlantshafsins.
Félagið hefur vaxið og dafnað með þjóðinni.
Í áranna rás hefur Eimskip leitast við að leggja íslensku samfélagi lið
á margvíslegan hátt með framlagi til forvarnarmála, hjálparstarfs
og góðgerðamála ásamt uppbyggingu á íþróttastarfsemi fyrir
börn og unglinga sem og stuðningi við menningu og list í landinu.
Eimskipafélag Íslands lítur því með stolti yfir farinn veg
og þakkar landsmönnum sem og starfsfólki félagsins
af alhug ánægjuleg samskipti.
EIMSKIP

# SKOÐUN

Þjóðin með minnsta ungbarnadauðann á gott:

## Fæðingarsaga

Í kvöld hlustum við enn og aftur á söguna af umtöluðustu fæðingu allra tíma. Hún fór ekki fram við kjöraðstæður; fæðingarstaðurinn var fjárhús og enginn heilbrigðisstarfsmaður var viðstaddur. Það er hætt við að fáir íslenzkir foreldrar létu bjóða sér „hreiður“ af því tagi, enda þótt Biblíumyndirnar gefi til kynna að það hafi verið afskaplega kósý í fjárhúsinu og gestkvæmt í sængurlegu Maríu.

Þegar við höfum hlustað á jólaguðspjallið, flest í uppljómaðri sóknarkirkjunni eða vel kyntri stofunni okkar, snúum við okkur að kræsingunum og tökum svo upp jólapakkana. Börnin eru í sínu bezta pússi, hrein og vel haldin og langflest heilbrigð og hraust.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Ungbarnadauði er einn af mælikvörðunum á það hversu langt samfélag er komið á þróunarbrautinni. Í síðasta mánuði voru birtar tölur frá Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, sem sýndu að Ísland er það aðildarríki þar sem tíðni ungbarnadauða er langlægst; um 1,6 af hverjum þúsund börnum deyja áður en þau ná eins árs aldri. Þessa lágu tölu má þakka frábæru heilbrigðiskerfi. Við erum forréttindaþjóð að þessu leyti eins og á flestum öðrum sviðum.

Það eru ekki allir svona heppnir. Í Úganda deyja 79 af hverjum þúsund börnum á fyrsta aldursári sínu, í Mósambík 88 og í Malaví 95. Þetta er með allra hæstu tölum um ungbarnadauða í heiminum, enda hafa margir foreldrar í þessum ríkjum engan aðgang að heilbrigðisþjónustu frekar en María og Jósef. Margir hafa þeir heldur ekki aðgang að hreinu vatni, sem stóreykur líkurnar á að börnin fái banvæna sjúkdóma.

Það er ekki tilviljun að þessi þrjú ríki eru nefnd hér; þetta eru Afríkuríkin sem Íslendingar hafa kosið að hjálpa til sjálfshjálpar. Á aðventunni svikum við – eða öllu heldur stjórnmálamennirnir okkar – enn og aftur fyrirheitin um þá fjármuni sem við höfðum lofað þeim. Rökin fyrir því að taka af fjárveitingunum sem áttu að fara til Mósambík, Malaví og Úganda voru að það þyrfti að finna peninga í fjársvelt heilbrigðiskerfi á Íslandi.

Meðal þeirra verkefna sem fá þá minni peninga eru að grafa brunna þannig að fólk hafi aðgang að hreinu vatni og að byggja spítala og heilsugæzlustöðvar til að bæta mæðravernd og fæðingarþjónustu. Þetta eru verkefni sem skipta máli; enginn getur haldið því fram að árangur sjáist ekki af þessu starfi. Tölurnar um ungbarnadauða í þróunarsamvinnuríkjum Íslands tala sínu máli. Þótt þær séu enn svimandi háar á okkar mælikvarða hafa þær lækkað um helming frá því um miðja síðustu öld. Þar hefur Ísland getað lagt sín litlu lóð á vogarskálarnar – og á að halda því áfram. Árangur Íslands í baráttu við ungbarnadauðann getur verið þessum ríkjum fyrirmynd, því að það er ekkert óskaplega langt síðan við vorum í svipuðum málum sjálf.

Fæðingarsögur íslenzkra fjölskyldna eru flestar af vel heppnuðum fæðingum þar sem allt gekk vel. Við megum gjarnan hugsa út í það, þegar við horfum framan í fjársjóðinn okkar í kvöld, hvað við eigum ótrúlega gott að þessu og flestu öðru leyti. Kannski verður það okkur hvatning til að leggja eitthvað af mörkum til þeirra fjölmörgu frjálsu félagasamtaka sem vinna með fátæku fólki í þróunarlöndunum, í sönnum anda þess sem fæddist í Betlehem, Jesú Krists.

*Gleðileg jól!*

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Samhjálp

Samhjálp sendir landsmönnum öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum ómetanlegan stuðning og samfylgd á árinu. Guð blessi ykkur öll.

**Samhjálp í 40 ár.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stóri sprettur

Þingmenn fóru í langþráð jólafrí á föstudag, ekki seinna vænna því að þeir þurfa líklega að standa í jólastússi eins og aðrir, sem vinna að vísu flestir á Þorláksmessu og margir jafnvel yfir hátíðirnar. Það hefur varla komið neinum á óvart að síðustu dagarnir einkenndust af kvöldfundum og kappi við að koma mismikilvægum málum í gegn. Á haustþingi varð 31 frumvarp að lögum, þar af voru 24 afgreidd á síðustu fjórum dögunum og átta dagar liðu frá því að fjárlögin sjálf komu til annarrar umræðu þangað til þau voru samþykkt. Þannig voru sjö mál afgreidd fyrir hinn árlega stóra sprett.



### Hvar strandar málið?

Stóri spretturinn er hins vegar af augljósum ástæðum ekki vel séður, enda er almennt ekki ráðlegt að djöfla hlutum í gegn á síðustu stundu. Meira að segja Alþingi sjálft telur það standa gæðum vinnunnar sem þar er unnin, fyrir þrifum að vinna ekki mál jafnt og þétt og var það einn af útgangspunktunum í breyttum þingsköpum sem tóku gildi árið 2011. Tímarnir breytast og mennirnir með og allt það, en eitthvað tregðulögmál virðist verða til þess að allt lendir í baklás á síðustu dögunum fyrir frí. Kannski þetta fræga „þetta-reddast“ viðhorf sem allir tala um.

### Trúir þú á álfasögur?



Ísland býr að merkri menningu sem á sér meðal annars rætur í ýmiss konar þjóðtrú. Ýmsir hlutar þessarar arfleifðar þykja útlendingum merkari en aðrir, en fátt vekur eins mikla athygli og trú á álfa og huldufólk, sem rataði einmitt í heimsfréttirnar á dögunum vegna Gálgahraunsmálsins. Það er ef til vill ekki í anda trúarlegra hátíða eins og er í dag, en goðsögnin um að Íslendingar trúi almennt á huldufólk er orðin ansi hreint pirrandi og snýr málefni, sem snýst í grunninn um náttúruvernd, vandaða stjórnsýslu og meðferð opinberra fjármuna, upp í pælingar um hjátrú og hindurvitni. Við getum þó vísast til sjálfum okkur um kennt í þessu.

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Ríkisstjórn heimilanna

EFNAHAGSMÁL



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
innanríkisráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins

Árið sem nú er að líða hefur verið viðburðaríkt. Á vettvangi stjórnmálanna vegur þyngst að ný ríkisstjórn tók við völdum eftir kosningar í vor. Með mikinn þingmeirihluta að baki sér hófst hún þegar handa við að bæta hag heimilanna í landinu. Úrlausnir á skuldamálum heimilanna voru settar í farveg og undirbúning, skattkerfið var tekið til endurskoðunar og áhersla var lögð á hallalausan ríkisrekstur sem mun skila sér í bættum hag bæði heimila og fyrirtækja í landinu.

Með miklum vilja, festu og skýrri forgangsröðum erum við þegar farin að merkja árangur af stefnu nýs Alþingi. Fjármálaráðherra kynnti í byrjun október fyrstu hallalausu fjárlögin í fimm ár og um nýliðna helgi samþykkti Alþingi fjárlögin þar sem enn er gert ráð fyrir afgangi af rekstri ríkissjóðs á næsta ári. Sem kunnugt er kynnti ríkisstjórnin svo tillögur sínar til úrslausnar á skuldavanda heimilanna um síðustu mánaðamót og við munum sjá þær tillögur í framkvæmd um mitt næsta ár.

Mitt í öllum hagræðingaraðgerðum og frekari endurskoðun á rekstri ríkisins lagði ríkisstjórnin áherslu á að leiðrétta skerðingar til öryrkja og eldri borgara, standa vörð um heilbrigðiskerfið og hefja undirbúning að aukinni löggæslu. Allt starf ríkisstjórnarinnar miðar að því að bæta hag heimilanna og auka öryggi almennings.

**➔ Allt starf ríkisstjórnarinnar miðar að því að bæta hag heimilanna og auka öryggi almennings.**

Stærsta verkefnið er þó að auka kaupmátt heimilanna og fjölga atvinnutækifærum. Ríkisstjórnin hefur nú þegar kynnt skattalækkanir sem munu koma til framkvæmda við upphaf nýs árs og það var ánægjulegt að sjá aðila vinnumarkaðarins undirrita nýja kjarasamninga um síðustu helgi, samninga sem fela í sér aukna von um stöðugleika og hagvöxt. Með hærri launum, lægri skött-um og lausnum á skuldavanda heimilanna munum við auka kaupmátt heimilanna og létta fólkinu í landinu lífið.

Við getum því farið bjartsýn inn í jólahátíðina og nýtt ár. Fyrir okkur Íslendingum liggja óteljandi tækifæri sem við skulum nýta til þess að bæta landið og samfélag okkar enn frekar. Við skulum vera stolt af þeim árangri sem við höfum náð, einbeita okkur að því sem sameinar okkur sem þjóð og heita því að vinna enn betur saman á komandi ári. Að endingu óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Jólahefðir og jólastaðreyndir

**HEILSA**
**Teitur Guðmundsson**
læknir



Í dag er aðfangadagur, stærsti dagur ársins fyrir marga, sérstaklega börnin sem eru full tilhlökkunar að opna pakkana sína í kvöld þegar jólaklukkurnar klingja. Þegar maður eldist færist ákveðin nostalgía yfir og þessi tími er ljúfur, skemmtilegur og minningarnar margar eftir svo mörg jól. Það er merkilegt að það virðist alltaf vera styttra og styttra milli jóla, sem barni fannst manni óratími á milli hátíða. Það skýrist líklega af því að eitt ár verður alltaf minni og minni hluti af ævi hvers og eins.

Hefðirnar eru sterkar og við erum ansi vanaföst sem er gott, það er traustvekjandi að vita hvað bíður manns, óvissa er erfið tilfinning. Það getur þó verið heilmikil spenna engu að síður, kannski fyrst og fremst að vita hvað leynist í fagurlega skreyttum pökkunum undir trénu. Það er gaman að velta fyrir sér hvernig jólin hafa þróast með tilliti til hefða og hversu mikill munur er á þeim milli landa. Íslenskar hefðir sem við þekkjum hvað best eru tiltölulega nýjar af nálinni, þó við höfum haldið jólin til að minnast fæðingar frelsarans allt frá kristnitöku hérlendis.

Það hefur alla tíð þótt góður siður að gera vel við sig í mat og drykk, jafnvel í hinu heiðna samfélagi var fagnað vetrarsólstöðum eins og það var kallað þá og „drukku menn jól“. Slíkt er gert enn þann dag í dag en ég vona að menn gangi hægt og örugglega um gleðinnar dyr, það er verra að fara yfir strikið. Hangikjöt hefur fylgt okkur nokkuð lengi og er órjúfanlegur hluti jólanna eins og laufabrauðið sem er þekkt síðan á fyrri hluta átjándu aldar og er hið mesta sælgæti. Þar sem djúpsteikt hveiti er ekki á borðum nema stöku sinnum á ári er um að gera að njóta þess vel!

**Hollasti jólamaturinn**

Reykt svínakjöt hefur í áraraðir verið vinsælasti jólamaturinn á Íslandi, hefð frá Danmörku sem er jafn hættuleg hjartveikum og þeim sem eru með háan blóðþrýsting og hangikjötið íslenska. Rjúpan sem var matur fátæka mannsins sem ekki átti lambakjöt í gamla daga er orðin sjaldgæfari en áður. Kalkúnn sem er algengur jólamatur var líklega fyrst borinn á borð fyrir Hinrik VIII. Englandskonung á jólunum á fimmtándu öld og er sennilega hollasti jólamaturinn ásamt rjúpu. Hér takast á hefðir, bragðlaukar og hollusta, ekki satt?

Jólagrauturinn er líka þekktur alla tíð síðan úr fornsögunum, í þá daga úr bankabyggi með sírópsmjólk, síðar úr hrísgrjónum með rúsínum hjá þeim sem voru svo heppnir að eiga þær. Mandlan í grautinn er dönsk hefð sem er stolin frá Frökkum og kemur nokkru síðar auk möndlugjafarinnar. Ris à l'amande með kirsuberjasósu er fínni útgáfa af jólagraut með kanil og rúsínum, menn geta svo rifist um hvort er betra.

Jólaglöggið er líklega þýskt að uppruna frá miðri fimmtándu öld og hefur þróast í nokkrar áttir, helsta breytingin er magn áfengis og kryddin sem notuð eru, líklega er þó alltaf sami grunnurinn úr rauðvíni og sykri eða hunangi. Hinn besti lögur almennt en getur þó verið skeinuhættur í miklu magni hvað varðar lifrarstarfsemi líkt og gildir um annað áfengi. Annar áfengur jóladrykkur er eggjapúns sem hefur ekki náð fótfestu hérlendis og er oftast tengdur við Bandaríkin, en á sennilega rætur að rekja til Englands og kemur til sögunnar mun síðar en glöggið.

Jólatréð inní stofu er þýsk hefð frá átjándu öld, en fyrstu tæplega hundrað árin voru notuð kerti eða lugtir til að lýsa það upp. Fyrsta rafmagnsjólaserían var sett í samband fyrir rúmum 130 árum af samstarfsmanni Thomas Edisons. Það hefur vafalaust dregið úr sárum, reyk og eitrun af völdum bruna, en ljósin komu löngu síðar á markað til almennings og lýsa í dag upp skammdegið sem mest þau mega og létta okkur lundina. Jólapappírinn, það að skreyta fagurlega pakkana undir trénu, og senda jólakort eins og við þekkjum þau í dag er hefð sem byrjaði í upphafi tuttugustu aldar í Bandaríkjunum og er öllum hollt að hugsa hlýtt til fjölskyldu, vina og ættingja og viðhalda tengslum. En svona til að loka þessu þá er lagið „Heims um ból“ eitt þekktasta og mest þýdda lag í heimi, um helmingur jarðarbúa þekkir lagið sem hefur verið þýtt á yfir 300 tungumál. Nokkuð sem Mohr og Gruber gátu ekki ímyndað sér á aðfangadagskvöld í Austurríki árið 1818. Ykkur öllum gleðileg jól.

> Það hefur alla tíð þótt góður siður að gera vel við sig í mat og drykk, jafnvel í hinu heiðna samfélagi var fagnað vetrarsólstöðum eins og það var kallað þá og „drukku menn jól“. Slíkt er gert enn þann dag í dag en ég vona að menn gangi hægt og örugglega um gleðinnar dyr, það er verra að fara yfir strikið. Hangikjöt hefur fylgt okkur nokkuð lengi og er órjúfanlegur hluti jólanna eins og laufabrauðið sem er þekkt síðan á fyrri hluta átjándu aldar og er hið mesta sælgæti.

## AF NETINU

### Gylfi lagðist á bakið



Kjarasamningar Alþýðusambandsins stöðva ekki aukna stéttaskiptingu, minnka ekki bil ríkra og fátækra. Ríkisstjórnin smurði fegrunarkremi í stórtækar aðgerðir í þágu hinna ríkustu og Gylfi Arnbjörnsson velti sér strax á bakið. Kvótagreifar halda stóra afslættinum af auðlindarentu og auðgreifar losna við auðlegðarskattinn. Fátæklingar fá skiptimynt í staðinn. Á Akranesi segir Vilhjálmur Birgisson, að blóm og kransar séu afbeðnir. Eftir stórkarlalegt fjárlagafrumvarp hefur ríkisstjórnin gefið eftir nokkra millimetra og mátað Alþýðusambandið. Gamla trikkið virkar vel, allur vindur er úr launaþrælunum.

http://www.jonas.is/
*Jónas Kristjánsson*






# Lánin eru samt dýrari á Írlandi

FJÁRMÁL



Haraldur Ólafsson
prófessor við HÍ

**➜ Á Íslandi er nú hávaðasamur söfnuður fólks sem býður sæluvist með þegnskyldu í verðandi stórríki gamalla nýlenduvelda sem sjaldan hafa þolað smáþjóðir. Í stað þess að gæta að því sem er satt og rétt í boðuninni falla safnaðarmenn sí og æ í þá freistni að lofa gulli og grænum skógum þótt ekkert slíkt sé í boði heldur aðeins meira að borga.**

Að undanförnu hefur lítið heyrst af loforðum um ódýrt lánsfé ef skipt verður um gjaldmiðil á Íslandi. Það er skiljanlegt, því núna er tiltölulega hagstætt að taka lán til fasteignakaupa, bæði miðað við sum nágrannalönd og eins miðað við það sem oft hefur áður verið hér á landi. Þann 8. desember sl. hefur Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þó nokkur orð um meinta ódýra peninga á Írlandi í grein í Fréttablaðinu. Skoðum það nánar.

Hjá Írlandsbanka eru vextir á húsnæðislánum með breytilegum vöxtum 4,5% (sjá heimasíðu Bank of Ireland) og ársverðbólga á Írlandi er 0,3%. Hjá Íslandsbanka og Landsbankanum eru vextir á húsnæðislánum með breytilegum vöxtum 6,75% en ársverðbólga á Íslandi er 4,2%. Miðað við þessar tölur eru raunvextir 4,20% á Írlandi en 2,45% á Íslandi. Það er sem sagt mun dýrara að taka lán á Írlandi en á Íslandi þessa dagana. Það hefur ekki alltaf verið þannig og verður sjálfsagt ekki alltaf þannig, en þannig er það núna og þannig hefur það verið undanfarin ár.

Hvernig kemur ofanritað heim og saman við greiðslubyrðarsúlurit sem fylgir grein Sigríðar Ingibjargar þar sem lántakandi á Íslandi þarf að greiða mun meira en lántakandi á Írlandi? Skýringin virðist vera sú að um jafngreiðslulán sé að ræða. Greiðslurnar eru fastar í krónum talið, en í verðbólgu á Íslandi rýrnar krónan jafnt og þétt. Miðað við 4% verðbólgu á Íslandi en 0% á Írlandi er raunverulegt verðmæti afborgunarinnar komið niður fyrir það sem er á Írlandi strax á 10. ári og næstu 15 árin verða afborganirnar sífellt hagstæðari fyrir skuldarann á Íslandi. Þegar upp er staðið er lánið í Írlandsbanka miklu dýrara en í íslensku bönkunum eins og endurspeglast í hjálögðu súluriti.

### Óviðeigandi málflutningur

Það hefði verið heiðarlegt af höfundi að segja frá því. Í staðinn hefði mátt sleppa málsgreininni sem segir að með því að taka upp evru mætti lækka greiðslubyrði húsnæðislána varanlega um 30% sem er í besta falli mjög villandi og ósönn ef litið er til raungildis peninga. Lántakendur á Íslandi sem vilja lægri greiðslubyrði geta tekið verðtryggð lán sem bera líka lægri raunvexti en lán Írlandsbanka um þessar mundir.

Í margbrotnu samfélagi er nauðsynlegt að sýna umburðarlyndi og það er blessunarlega löng hefð fyrir slíku þegar í hlut eiga söfnuðir sem boða sæluvist í himnaríki fyrir lítið meira en sæmilega hegðun. Á Íslandi er nú hávaðasamur söfnuður fólks sem býður sæluvist með þegnskyldu í verðandi stórríki gamalla nýlenduvelda sem sjaldan hafa þolað smáþjóðir. Í stað þess að gæta að því sem er satt og rétt í boðuninni falla safnaðarmenn sí og æ í þá freistni að lofa gulli og grænum skógum þótt ekkert slíkt sé í boði heldur aðeins meira að borga. Svoleiðis málflutningur er ekki viðeigandi, allra síst þegar í hlut eiga fulltrúar sem valdir eru til trúnaðarstarfa fyrir almenning.

## RAUNVEXTIR Á HÚSNÆÐISLÁNUM




# Að láta sem allt sé í lagi

SAMFÉLAG



Ásta Hafberg S.
viðskiptafræðingur

**➜ Samfélag er aldrei betur statt en sá sem hefur það verst.**

Fyrirsögnin á þessari grein er erfið að mörgu leyti. Hún að að reyna að lýsa þjóðfélagshugsun eða ástandi og að reyna að lýsa slíku í þremur orðum er nánast ómögulegt. En ég ætla samt að reyna að lýsa þjóðfélaginu út frá þessum upphafsorðum.

Að láta sem… Þetta er hugtak sem þeir sem hafa lifað við erfiðar fjölskylduaðstæður, svona svo dæmi sé tekið, kannast vel við. Þeir sem hafa orðið fyrir einelti þekkja þetta og þeir sem hafa á einhvern hátt verið settir til hliðar eða liðið illa andlega eða líkamlega vegna starfs eða aðstæðna hafa flestir gert þetta. Látið sem…

Mamma eða pabbi drekka, en við látum sem allt sé í lagi. Það er andlegt eða líkamlegt ofbeldi til staðar en við látum sem allt sé o.k. Við erum ósátt og það er komið illa fram við okkur í vinnu en við látum sem við séum sátt. Við vitum að það er skekkja í þjóðfélaginu sem hverfur ekki og hefur vond áhrif á lífsgæði og kjör samlanda okkar en við látum sem allt sé o.k. af því að við sjáum þetta ekki beint fyrir framan nefið á okkur, eða lesum ekki fréttir eða kynnum okkur ekki málin.

Að láta sem er ein sú hættulegasta afneitun sem til er. Við vitum innst inni að hlutirnir eru ekki í lagi en við keyrum áfram í blindni þess sem vill ekki takast á við raunástand, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða samfélagslegt.

### Allt samfélagið undir

Í okkar tilfelli liggur allt samfélagið undir, velferðarkerfið, atvinna, húsnæði, laun og almenn lífskjör og lífsgæði okkar sem byggjum þetta land. Einhvers staðar í hugarfylgsnum okkar gerum við okkur grein fyrir að það er ekki búið að byggja landið og samfélagið upp eftir hrun en á sama tíma virðumst við enn vilja afneita raunverulegu ástandi mála. Að fljóta sofandi að feigðarósi á vel við enn þann dag í dag. Við neitum að taka ábyrgð á ástandinu, neitum að viðurkenna að við verðum að taka okkur saman í andlitinu og fara að taka til, skipuleggja upp á nýtt og byggja upp. Við reynum að sjá ekki að fólk er að verða húsnæðislaust í hrönnum, fólk er að flytja í meiri mæli úr landi, að lausnir hafa ekki verið fundnar á því hvernig á að bæta lífskjör, viðhalda velferðarkerfi og tryggja fólki atvinnu og húsnæði.

Samfélagið er aldrei betur statt en sá sem hefur það verst og á meðan við látum sem allt sé í lagi mun það aldrei batna. Við berum ábyrgð á sjálfum okkur sem einstaklingar en við berum líka ábyrgð á samfélaginu okkar og að fólk geti lifað í þessu landi á mannsæmandi máta.

Þeir sem hafa verið í aðstæðum þar sem þeir hafa orðið „að láta sem“ vita hve mikið frelsi felst í því að hætta því og fara að líta hlutina í réttu ljósi. Það er vont fyrst en eftir því sem tíminn líður og fólk æfist í því fer að sjást meiri árangur á raunhæfan máta.

Það er það sem samfélagið okkar þarf að hætta að láta sem.

# Hönnun er lykilatriði í nýsköpun og fjölgun atvinnutækifæra

NÝSKÖPUN



Halla Helgadóttir
framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

**➜ Öll ný atvinnustarfsemi þarf á stuðningi og fjárfestingu að halda í upphafi til þess að hjólin fari að snúast af alvöru. Hönnun er ung atvinnugrein sem nýtur ekki þeirra forréttinda að vera með stór og öflug fyrirtæki á bak við sig hér á Íslandi eins og t. d. sjávarútveg eða orkuiðnað. Þess vegna var stofnun samkeppnissjóðs fyrir hönnuði gríðarlega mikilvægt skref í framþróun greinarinnar.**

Í síðustu viku voru í fyrsta sinn veittir styrkir úr nýstofnuðum samkeppnissjóði hönnunar. Yfir 200 umsóknir bárust og alls var sótt um yfir 400 miljónir króna sem sýnir fram á þá miklu fjármagnsþörf sem er innan greinarinnar. Hægt var sækja um styrki í fjórum flokkum; þróunar- og rannsóknarstyrki, verkefnastyrki, markaðs- og kynningarstyrki auk ferðastyrkja. Í þessari úthlutun eru veittar 41 milljón króna til 29 verkefna, auk þess eru veittir 20 ferðastyrkir.

### Gróska nýrrar atvinnugreinar

Í kjölfar stofnunar Hönnunarmiðstöðvar Íslands hefur orðið viðhorfsbreyting á Íslandi gagnvart mikilvægi hönnunar og arkitektúrs. Hönnun er ein af þeim atvinnugreinum sem varð fyrst verulega sýnileg í íslensku atvinnulífi í kreppunni og nú er einstök gróska í greininni. Ungt fólk sækir í hönnunarnám, það heldur óhrætt út í atvinnulífið og vinnur að því að skapa eigin atvinnutækifæri og byggja upp fyrirtæki. Þess vegna er svo brýnt einmitt núna að ýta undir og styðja við þá miklu nýsköpun í atvinnulífinu sem hönnuðir standa fyrir.

Stofnun hönnunarsjóðs er afrakstur faglegrar stefnumótunarvinnu íslenskra hönnuða, arkitekta einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila að áeggjan mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Afrakstur þeirrar vinnu, Hönnunarstefna fyrir Ísland, bíður nú samþykktar nýrra stjórnvalda. Þar eru tillögur að 13 markvissum aðgerðum sem munu stuðla að hraðari þróun og vexti í greininni.

### Lítil fjárfesting

Markmið Hönnunarmiðstöðvar er að koma á laggirnar 200 milljóna króna samkeppnissjóði á sviði hönnunar. Með stofnun hönnunarsjóðs upp á 45 milljónir var fyrsta skrefinu náð að þessu markmiði.

Öll ný atvinnustarfsemi þarf á stuðningi og fjárfestingu að halda í upphafi til þess að hjólin fari að snúast af alvöru. Hönnun er ung atvinnugrein sem nýtur ekki þeirra forréttinda að vera með stór og öflug fyrirtæki á bak við sig hér á Íslandi eins og t.d. sjávarútveg eða orkuiðnað. Þess vegna var stofnun samkeppnissjóðs fyrir hönnuði gríðarlega mikilvægt skref í framþróun greinarinnar.

Aðgangur að fjármagni er hindrun fyrir hönnuði og sprotafyrirtæki á því sviði. Hér hefur verið einstök gróska á tímum kreppu og óáranar, svo mikil að það eitt hefur vakið mikla athygli erlendis. Hönnunargreinar eru ein af þeim greinum sem blásið hafa þjóðinni bjartsýni í brjóst undanfarin ár.

### Kostnaður óverulegur

Helstu rök fyrir mikilvægi þessarar fjárfestingar eru m.a.:

- Þjóðir sem vilja tryggja sér samkeppnisforskot verða að fjárfesta í hönnun sem aðferð til nýsköpunar og þróunar
- Atvinnulíf sem byggir á hönnunargreinum er í örustum vexti á Vesturlöndum og þjónustuhönnun er þar fremst í flokki
- Fjárfesting í hverju starfi í hönnunargreinum er hverfandi miðað við flestar aðrar atvinnugreinar
- Fjöldi ungra Íslendinga er að mennta sig í hönnun og arkitektúr. Tryggja þarf að hæfileikar og sérþekking nýtist samfélaginu til heilla, í arðbærum og góðum störfum í framtíðinni
- Á Íslandi í dag er einstaklega kraftmikil grasrót á þessu sviði, svo kraftmikil að eftir því er tekið víða erlendis

### Nýsköpun og tækifæri

Ríkisstjórn sem leggur áherslu á nýsköpun og tækifæri í atvinnulífinu hlýtur að verja nýstofnaðan hönnunarsjóð. Það er mikið kappsmál að samfélagið fái sem best notið þess mikla mannauðs sem býr í góðum hönnuðum og arkitektum. Það er ljóst að hönnuðir munu færa þjóðarbúinu þessa fjárfestingu margfalt til baka, þar sem fjölbreytt og öflugt atvinnulíf verður undirstaða vaxtar og velferðar.

# Jöfnum stöðu norrænu tungumálanna í skólum

SKÓLAMÁL



Kristján E. Guðmundsson
félagsfræðingur og fv. framhaldsskólakennari

**➜ Gefum skólunum kost á að bjóða börnum okkar möguleika á því að læra norsku (bokmål) eða sænsku í stað dönskunnar...**

Nýlega fylgdist ég með heimildarþætti í danska sjónvarpinu sem fjallaði um samskipti danskra og sænskra framhaldsskólanema þar sem meginvandamálið var að þeir skildu ekki hvorir aðra þrátt fyrir sífellt nánari samskipti eftir að brúin kom yfir Eyrarsund. Þau grípa því oft til þess að nota ensku í samskiptum sín á milli. Þó tungumálin séu náskyld er það framburðurinn sem veldur vandamálinu að mati ungmennanna.

Hér á landi var danska fyrsta erlenda málið sem ungmenni þurftu að læra, þó nokkuð sé um liðið síðan hún var færð í annað sætið og enska sett í það fyrsta. Enn er þó danska skyldunám í grunn- og framhaldsskólum hér á landi. Vegna náinna tengsla okkar við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum er fullkomlega eðlilegt að í skyldunámi sé einhver kennsla í einu tungumáli þessara þjóða sem þá um leið gefur okkur lykil að hinum. Spurningin er hvort danskan sé þar heppilegust. Til þess að geta valið norsku eða sænsku gilda hins vegar strangar reglur um að nemandi hafi, eða hafi haft, sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð, þ.e. hafi átt þar heima, stundað þar nám, eða eigi norskt eða sænskt foreldri. Samkvæmt þessum reglum er því krafist töluverðrar forþekkingar í þessum tungumálum til þess að fá að taka þau sem annað mál í stað dönskunnar.

### Einn vinnumarkaður

Nú er það svo að danskur framburður er okkur ekki tamur og fyrir marga erfitt að ná á honum góðum tökum. Annað gildir um norsku og sænsku (þó þar séu mállýskur stundum erfiðar). Það er töluvert auðveldara fyrir okkur Íslendinga að ná góðum tökum á framburði þeirra tungumála. Auk þess eiga flestir Svíar og Norðmenn tiltölulega auðvelt með að skilja hvorir aðra. Ágætt dæmi um það er hinn ágæti sænsk/norski spjallþáttur „Skavlan“ þar sem þáttastjórnandinn er norskur, þátturinn tekinn upp í Stokkhólmi og flestir viðmælendur ýmist norskir eða sænskir og virðast eiga auðvelt með að skilja hverjir aðra. Þeir Danir sem ég hef spurt segjast líka eiga auðvelt með að skilja norsku (sem einn danskur vinur minn kallaði „dansk med stavefejl“).

Það eru sögulegar ástæður fyrir því að danska var hér kennd sem fyrsta erlenda málið. Nú er öldin önnur. Norðurlöndin, sem standa okkur næst menningarlega, eru orðin einn vinnumarkaður. Í dag er auðveldara að skreppa til Óslóar en var að fara frá Snæfellsnesi til Reykjavíkur fyrir 50 árum. Til að gera mönnum betur kleift að nýta þau tækifæri sem þessar frændþjóðir okkar hafa upp á að bjóða þurfum við að tileinka okkur það tungumál sem allir skilja án þess að grípa til enskunnar. Gefum skólunum kost á að bjóða börnum okkar möguleika á því að læra norsku (bokmål) eða sænsku í stað dönskunnar ef þau kjósa svo. Til þess þarf einfalda breytingu á reglugerð.

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

# GLEÐILEG JÓL!



## OPIÐ Í DAG

í öllum verslunum Krónunnar

# 9-13

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

# Lýðræði í blíðu og stríðu

Ísland er lýðræðisríki. Lýðurinn ræður. Það er talið skapa frið í samfélaginu þar sem tekið er tillit til allra hagsmuna, og leitast er við að finna sem bestu lausnina fyrir sem flesta. Lýðræði er gott ef það virkar. Lýðræðisröðin frá 2010 sýnir að Noregur kemur í fyrsta sæti sem lýðræðislegasta ríki heims út frá meðal annars stjórnmálamenningu. Forsendur góðrar stjórnmálamenningar verður efni greinarinnar.

LÝÐRÆÐI



**Dóra Björt Guðjónsdóttir**
alþjóðafræðinemi og bachelor í heimspeki við Háskólann í Ósló

**➜ Hér vantar rökræðu sem leiðir til djúps skilnings og notast er meira við utanbókarlærdóm sem situr ekki til lengdar.**

**Mikilvægi gagnrýninnar hugsunar**

Hið opinbera líf Vesturlandabúa hefst í leikskólanum og hjá sumum í grunnskólanum. Skólinn mótar okkur og kennir okkur grundvallaratriði sem góður samfélagsþegn þarf að kunna. Að skilja muninn á réttu og röngu, muninn á slæmum rökum og góðum og hvernig við eigum að gera okkar hugmyndir um lífið skiljanlegar. Skólinn á líka að gefa okkur yfirsýn yfir hvers vegna heimurinn er eins og hann er og hvort okkar hugmyndir hafi verið hugsaðar áður og þá til hvers þær hafi leitt og verkfæri til að geta haft góð áhrif og skilið samfélagið. Það sem sumir mennta sig ekki umfram grunnskólanám er afar mikilvægt að grunnskólinn uppfylli þessar kröfur.

Í samtölum við norska vini hef ég dregið þá ályktun að það sé munur á kennsluaðferðum á Íslandi og í Noregi, efnið var gert lifandi fyrir þeim á annan hátt en ég hef upplifað. Þeir muna smáatriði frá fyrstu árum grunnskólans á meðan ég man varla neitt af því sem ég lærði. Þetta virðist vera upplifun mjög margra sem hafa gengið í skóla á Íslandi. Hér vantar rökræðu sem leiðir til djúps skilnings og notast er meira við utanbókarlærdóm sem situr ekki til lengdar. Mér líður eins og ég þurfi að læra heimssöguna upp á nýtt til þess að skilja hvað er í gangi í dag.

Ég held að ástæðan sé skólamenningin í samfélaginu. Ef samfélagið krefst þess ekki af þér að þú skiljir söguna og sért gagnrýninn þá er ekki skrítið að kennarar krefjist þess ekki heldur.

**Upplýstur almenningur**

Til þess að lýðræði virki vel þurfa borgararnir að vera upplýstir um málefni líðandi stundar. Á litlu landi er erfitt að halda uppi góðum fréttamiðlum ef þeir eru háðir sölu auglýsinga og áskrifendum. Í Noregi er notast við víðfeðman kerfisbundinn opinberan fjárstuðning við miðla. Hugmyndafræði kerfisins er að breið og góð umræða sé mikilvæg góðu samfélagi og lýðræði og þess vegna er peningunum talið vera vel varið. Auðvitað er erfitt að koma á álíka kerfi á Íslandi eins og ástandið er, en það er þó mikilvægt að hafa í huga hversu mikils virði góðir fréttamiðlar eru.

Auk fjárskorts er vandamálið að íslenskir miðlar vilja ekki hafa hátt um frá hvaða sjónarhorni þeir skrifa. Þetta veldur því að fölsk hugmynd um óháð skrif gerir umræðuna enn minna upplýsta en hún gæti verið ef forsendur væru uppi á borðum. Í ljósi þessa er ástandið á RÚV, sem er einn af fáum fréttamiðlum sem getur talist nánast óháður einkaaðilum, hræðilegt.

Sem Íslendingur í útlöndum er ég oft spurð um ástæður efnahagshrunsins á Íslandi. Undanfarið hefur svarið mitt verið: Lélegt lýðræði. Þegar illa upplýstur og ógagnrýninn almenningur ræður verða ekki góðar ákvarðanir teknar í kosningum og þá vantar holt aðhald að stjórnmálaöflum. Það er ekki nóg að kjósa og láta svo eins og við höfum ekki borið ábyrgð á efnahagshruninu. Við kjósum fólk til að stjórna fyrir okkur og sem umbjóðendur þess verðum við að fylgjast með og láta vita þegar illa gengur, ekki treysta kjörnum fulltrúum í blindni. Við verðum líka að lesa okkur til og vera upplýst um það sem fulltrúar okkar eru að gera. Þannig virkar gott lýðræði.

Orkuveita Reykjavíkur

Við erum til taks

Við treystum sjaldan meira á orkuna en um jól og áramót. Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur er í viðbragðsstöðu til að tryggja þér birtu og yl um hátíðarnar. Gleðilega hátíð.




• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

www.or.is

## AF NETINU



**Huldufólkið**

Ég verð að segja eins og er að ég hef aldrei hitt Íslending sem trúir á tilveru álfa eða huldufólks – eða hefur nokkurn áhuga á slíkum verum.

En ég er kannski ekki í réttu kreðsunum.

Kannski er huldufólk gott fyrir ferðamannaiðnaðinn – það er eiginlega búið að þröngva upp á okkur þeirri ímynd að við séum þjóð sem er í nánu sambandi við alls kyns dulmögn.

Því er meira að segja haldið fram í þessari frétt frá Associated Press að baráttan gegn eyðileggingu Gálgahrauns snúist um að vernda álfabyggðir.

Var það þess vegna að lögreglan handtók Ómar Ragnarsson – að hann er álfatrúar?

http://eyjan.pressan.is

*Egill Helgason*

# Við óskum öllum öruggra jóla

## – og stöndum vaktina fyrir þig

Undanfarin ár hafa verið mjög viðburðarík hjá björgunarsveitunum. Mörg stór verkefni hafa kallað á mikinn mannskap: Erfiðar leitir á jöklum, sjóbjarganir, útköll vegna óveðurs, viðamikil aðstoð við að bjarga fé úr fönn – svo fátt eitt sé talið. Mörg hundruð sjálfboðaliðar hafa margoft komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Yfir hátíðarnar verðum við með á fjórða þúsund manns til taks, dag og nótt – þín vegna.



# Ert þú búin(n) að setja þér markmið fyrir árið 2014?

Skrifaðu markmiðið í kassann hér að ofan. Klipptu út og geymdu yfirlýsinguna, t.d. á ísskápnum til að minna þig og fjölskylduna á markmiðið.

Til að ná settu marki hefur þú samband við okkur hjá SPARNAÐI. Við veitum þér þjónustu til að öðlast fjárhagslegt frelsi með uppgreiðsluþjónustu lána. **Sjá dæmi hér fyrir neðan.**

## Með eða án uppgreiðsluþjónustu SPARNAÐAR

### Heildargreiðslur lána




Dæmi um heildarkostnað lána – ef ekkert er gert (til vinstri), með uppgreiðsluþjónustu SPARNAÐAR (fyrir miðju) og mismunurinn (til hægri) er sú fjárhæð sem sparast í vexti og verðbætur.

Byrjaðu nýja árið á því að panta tíma á sparnadur.is

Holtasmári 1, Kópavogur | Kaupvangsstræti 4, Akureyri | Sími: 577-2025 | Fax: 577-2032 | sparnadur@sparnadur.is | www.sparnadur.is




## Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Við óskum landsmönnum aukins sparnað á vöxtum og verðbótum og farsældar til framtíðar með lífeyristryggingu sem felur í sér tryggða ávöxtun í evrum auk arðshlutdeildar.

Með kærum kveðjum frá starfsfólki Sparnaðar.

Byrjaðu nýja árið á því að panta tíma á sparnadur.is

SPARNAÐUR

Jafnan á myndinni stendur fyrir vaxtavexti



**BIÐIN** Mynd Helenu Maríu Björnsdóttur úr íshelli í Vatnajökli varð í 2. sæti.




**JÓLABÍLL** Kristín Valdemarsdóttir tók myndina í 3. sæti.



**RÚDOLF** Ágústa Daníelsdóttir á myndina í 4. sæti.



**NÚTÍMA JÓLABARN** Karólína Gunnarsdóttir tók ljósmyndina í 5. sæti.

> **Ég hef þetta útsýni fyrir augunum alla daga og það hafði lengi verið á stefnuskránni hjá mér að ná góðri norðurljósamynd þegar ljósin lægju yfir. Kvöldið sem ég tók myndina hafði ég verið á þvælingi um kvöldið og var á leiðinni heim þegar ljósin birtust skyndilega. Það borgar sig greinilega að vera úti því ekki nær maður svona myndum heima hjá sér.**
>
> *Jón Hilmarsson, verðlaunahafi í jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins*

# Jólahornin og Skarðshyrnan

Ljósmyndin Skarðshyrnan, sem **Jón Hilmarsson** sendi inn í jólaljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis, var valin sú besta af dómnefnd og lesendum. Jón er skólastjóri Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og hefur því útsýnið alla daga.

Jón Hilmarsson er sigurvegari í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins og Vísis. Sigurmynd Jóns er af norðurljósum yfir Skarðshyrnunni á Skarðsheiði, en hann býr í Melahverfinu í Hvalfirði þar sem hann starfar sem skólastjóri. Hann fær að launum glæsilega Sony myndavél frá Sony Center.

„Ég hef þetta útsýni fyrir augunum alla daga og það hafði lengi verið á stefnuskránni hjá mér að ná góðri norðurljósamynd þegar ljósin lægju yfir. Kvöldið sem ég tók myndina hafði ég verið á þvælingi og var á leiðinni heim þegar ljósin birtust skyndilega. Það borgar sig greinilega að vera úti því ekki nær maður svona myndum heima hjá sér,“ segir Jón og hlær.

Alls bárust 272 myndir í jólakeppnina en þátttakendur hlóðu upp myndum sínum á ljosmyndakeppni.visir.is.

Lesendur gátu kosið myndir á Vísi og hefur dómnefnd keppninnar kosninguna til hliðsjónar. Dómnefndin var skipuð þeim Ólafi Stephensen ritstjóra, Silju Ástþórsdóttur útlitshönnuði og Pjetri Sigurðssyni ljósmyndara. Fleiri myndir sem dómnefndinni þóttu góðar birtast í myndasyrpu á Vísi í kvöld, aðfangadagskvöld. Allar myndirnar úr keppninni má svo skoða á ofangreindri vefslóð.

Nánari upplýsingar er að finna á
**ljosmyndakeppni.visir.is**



**SKARÐSHYRNAN**
**Mynd Jóns Hilmarssonar þykir sú besta sem send var inn í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins.**




**VERÐLAUNIN**
**Í verðlaun fyrir bestu myndina hlýtur Jón Hilmarsson glæsilega Sony A3000 20 megapixla myndavél með 18-55mm linsu frá Sony Center.**

# Afgreiðslutími Iceland um jól og áramót

Aðfangadagur 24. des.: **Opið til kl. 16**

Jóladagur 25. des.: **Lokað til miðnættis**

Annar í jólum 26. des.: **Opið**

**Opið öll áramótin og nýársdag.**

Gleðilega hátíð,
starfsfólk Iceland



OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND ENGIHJALLA**

**Iceland**



➜ En enginn nennir að hlusta á Skrögg, það er bara hlegið að honum eða það sem verra er – hann einfaldlega hunsaður! Ég ákveð að snúa vörn í sókn. Ef fólkið vill jól þá skal það bara fá að kafna á þeim! Hó, hó, hó!

# Meinvill í myrkrunum lá

Jólasaga eftir Stefán Mána

Sem barn upplifði ég jólin í sinni hreinustu mynd – glimmerskreytta töfraveröld þar sem óskir rættust og allt gat gerst. Það er ótrúlegt að muna enn eftir jólagjöfum bernskunnar – bangsi, bíll, aksjónkall. Eftir því sem árin líða verða jólin smám saman að safni minninga – nostalgískum gagnabanka sem er opnaður einu sinni á ári: Við bræðurnir að bera út jólakortin í ófærðinni í Ólafsvík. Sömu jólaseríurnar í stofugluggunum, sama skrautið á trénu ár eftir ár – ýmist keypt eða föndrað. Mandarínur og Makkintoss. Hangikjötsveisla hjá ömmu í Mýrarholti, kökur og heitt súkkulaði hjá ömmu á Ennisbraut. Árin líða, fólkið hverfur en minningarnar lifa.

Ég hélt lengi vel ég að myndi eftir því þegar móðurafi minn gaf mér fyrsta bangsann minn, hann Palla – þá var ég tveggja ára. Nýlega sá ég ljósmynd af þessu og áttaði mig á því að minningin var fölsk – það var ljósmyndin sem ég mundi eftir en ekki sjálfur atburðurinn. Jólin eru dálítið þannig, eins og sjálf æskan – björt og litrík minning sem er byggð á sönnum atburðum, mátulega bjöguð og jafnsæt og konfektmoli í munni. Jólasveinarnir, jólaböllin, að fá gott í skóinn og vera kjaftstopp af aðdáun og undrun. Ekki skrýtið að maður hlakkaði til! En svo kemur gelgjuskeiðið – töfrarnir hverfa og blákaldur veruleikinn blasir við: Jólasveinninn er ekki til, þetta var allt í plati.

Árið er 1987, það styttist í jólin. Ég er sautján og á öðru ári í Menntaskólanum á Akureyri. Ég bý á heimavistinni, uppreisnarseggur og hálfgerður pönkari, geng um snoðaður í ermalausum bol og rifnum gallabuxum, læt mig dreyma um tattú og alls konar sem vantar upp á töffaraímyndina. Á heimavistinni er mikið líf og fjör og flestir farnir að hlakka til jólanna. Jólalög eru spiluð, engill hér og jólasveinn þar og stigvaxandi stemming í loftinu. En ég er ónæmur fyrir þessu öllu saman – grjótharður. Læt ég þar við sitja? Nei. Ég er nefnilega ekki alveg ónæmur. Ég er meira með ofnæmi. Þetta jólastand fer allt saman alveg voðalega í mínar fínustu – munnherkjur og kryppa, svei mér þá. Þetta truflar mig, mér er illa við þetta – ég breytist í sannkallaðan Skrögg og Skröggur gamli liggur ekki á skoðunum sínum!

Jólin eru ekki kristin hátíð! segir Skröggur. Þau eru ævaforn og rammheiðin! Kristnin aðlagaði sig bara að jólunum, það var það sem gerðist! Fyrst stal kirkjan jólunum, svo Kókakóla kompaníið! Sankti Kláus var sóðalegt illmenni, ekkert eins og þessi rauðklæddi offitusjúklingur sem flýgur um himininn með hreindýrum. Hreindýr – halló?

En enginn nennir að hlusta á Skrögg, það er bara hlegið að honum eða það sem verra er – hann einfaldlega hunsaður! Ég ákveð að snúa vörn í sókn. Ef fólkið vill jól þá skal það bara fá að kafna á þeim! Hó, hó, hó! Ég gerist boðberi jólanna númer eitt, tvö og þrjú, stend vaktina í setustofunni og skipti snarlega um rás á útvarpinu ef einhver stöðin vogar sér að spila ekki jólalag. Ég sé til þess að það ómi jólalög innan veggja heimavistarinnar frá morgni til kvölds, og það á fullu blasti! Ég er ekki frá því að ég hafi meira að segja sungið með, hátt og illa – engu líkara en að ég hafi verið andsetinn af Trölla sem stal jólunum, svona eftir á að hyggja.

Þetta vekur dálitla lukku, það vantar ekki – svona til að byrja með. Alltaf pláss fyrir smáflipp í menntó. Með áherslu á smá. Glansinn fer fljótt af þessu uppistandi, sjálfur fæ ég króníská jólalagaóþol og byrja aftur að þramma um í pönkbol með kryppu á bakinu og gremjulega Skröggsgrettu á annars ungæðislegu andlitinu. Ég teikna óviðeigandi jólamynd og hengi hana á herbergisdyrnar mínar, skelli hurðinni og fer í sjálfskipaða fýluútlegð.

Jólin nálgast, úti er myrkur en aðventuljós í hverjum glugga. Friður yfir öllu, rafmagn í loftinu. Frammi á göngunum er eftirvænting, kátína og spenna – fislétt fótatök, hvíslingar og niðurbældur hlátur. Hvað er á seyði? Skröggur ýtir steininum frá hellinum og gægist fram. Já, auðvitað! Áður en börn og kennarar halda heim í langþráð frí er hefð að borða saman jólamáltíð í matsalnum. Hefðir, þessi ótalmörgu óskrifuðu lög sem ramma inn jólin. Hvert hús og hver fjölskylda hefur sínar hefðir, gamlar og nýjar. Mennirnir breytast og hefðirnar með en þær hverfa aldrei. Við sendum jólakort og opnum kortin sem við fáum. Við drekkum jólaöl og blöndum saman malti og appelsíni í ýmsum hlutföllum. Borðum konfekt. Hlustum á kveðjur í útvarpinu. Höfum ofan af fyrir börnunum, sækjum ömmu og afa – eða minnumst þeirra. Eldum sama matinn ár eftir ár, bíðum eftir að kirkjuklukkurnar slái sex. Opnum gjafir.

Heimavistin iðar af lífi, hún ilmar af sjampói og rakspíra og kjólar og skyrtur liggja á umbúnum rúmum. Allir eru eitthvað svo kurteisir og penir, enginn er með læti eða leiðindi. Krakkaskarinn er samstilltur og samstíga án þess að nokkur hafi blásið í flautu, lofað umbun eða hótað refsingu. Meira að segja húsvörðurinn virðist nokkuð slakur – ætli hann sé fullur? Niðri í matsalnum eru einhverjir að hengja upp skraut, ilmurinn úr eldhúsinu er jólalegur og lokkandi. Skröggur gamli engist um – ég er milli steins og sleggju, innra með mér takast á uppreisnarseggurinn og – jólabarnið? Ég gretti mig í sálinni, strunsa eftir göngum og upp stiga. Ætlarðu ekki í sturtu? Á ekki að klæða sig upp? Jú, jú, ég ætla alveg í sturtu, maður verður að baða sig allt árið, ekki satt? En nei, ég ætla ekki að klæða mig neitt sérstaklega upp – til hvers? Þetta er bara einhver heimsk hefð, í raun bara hver annar kvöldmatur – kvöldmatur með extra veseni, hver fattaði upp á því, ha? Engum finnst ég sniðugur, kaldhæðnin frýs föst á vörunum á mér og í stað þess að ná að pirra liðið sé ég votta fyrir depurð í augum þeirra. Nei, vonbrigðum. Af hverju vonbrigði? Ég meina, þeim er alveg sama um mig, ekki satt? Má ég ekki alveg vera í mínum gamla pönkbol? Hvað er málið? Þögular spurningar, engin svör.

Klukkan er alveg að verða sex, mér er farið að líða eitthvað undarlega. Kannski að verða veikur? Nei, það er eitthvað annað. Eitthvað hrærist innra með mér, eitthvað sem togar í mig – eitthvað hlýtt og mjúkt og kjánalegt sem mér tekst hvorki að kæfa né losna við. Verð ég ekki að fara í skyrtu eða eitthvað? Ég meina, ég meika ekki ef allir fara að glápa á mig og þannig. Kannski maður verði bara stilltur, svona fyrir hina, til að skemma ekki fyrir þeim. Skemma hvað? Ég reyni að kyngja en það er eitthvað fast í hálsinum. Ég er varnarlaus, inni í mér kviknar lítið ljós – það smellur í tímastilltum rofa, gagnabankinn opnast og minningarnar streyma fram. Ég vil ekki skemma jólin – þarna, ég sagði það!

Ég geng niður tröppurnar, klæddur í hvíta skyrtu og pressaðar buxur. Að neðan berst þægilegur kliður, lykt af hangikjöti, uppstúf og laufabrauði í loftinu. Í matsalnum eru dúkuð langborð, það logar á kertum og borðin svigna undan kræsingum. Allir eru í sínu fínasta pússi, brosa og tala saman í hálfum hljóðum, hver einasti nemandi eins og prinsessa og prins og kennararnir eins kóngar og drottningar – hversdagurinn er horfinn og eitthvað allt annað komið í hans stað. Ég horfi, meðtek og trúi – verð einn með öllu, allt er í mér. Þarna, á þessu ógleymanlega andartaki, upplifi ég hinn sanna anda jólanna, þessa heilögu tilfinningu, þennan guðlega neista sem titrar í hjartanu en er hvorki hægt að skilja né útskýra – hann er eins og mýrarljós, ósnertanlegur en er alltaf innan seilingar. Við skynjum jólin en skiljum þau kannski ekki alveg – ekki frekar en línuna „meinvill í myrkrunum lá“ úr Heims um ból.

Þegar klukkurnar slá sex á aðfangadag er töfrastund. Við sameinumst sem ein stór fjölskylda og vitum að enginn má vera út undan, enginn má gleymast, enginn má vera einn. Hvort við tökum á móti töfrunum og hversu lengi þeir vara er svo alveg undir okkur sjálfum komið.



## GLEÐILEG JÓL

**Aftansöngur verður á morgun, aðfangadag jóla, kl. 18 í Dómkirkjunni. Séra Anna Sigríður Pálsdóttir predikar en séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari. Miðnæturmessa verður kl. 23.30. Karl Sigurbjörnsson biskup predikar og Hamrahlíðarkórinn syngur undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.**


















**MAGNESÍUMOLÍURNAR OG -FLÖGURNAR** fást í flestum heilsubúðum og apótekum.

**Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is** og á Facebook-síðu BetterYou Ísland.

# SOFÐU VÆRT UM HÁTÍÐARNAR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Áttu í erfiðleikum með svefn? Magnesíum Goodnight olía og magnesíumflögur eru margverðlaunaðar vörur frá BetterYou sem geta bætt svefn, eru slakandi og slá á fótaóeirð og pirring.*

Magnesíum hefur áhrif á alla líkamsstarfsemi, þar á meðal verkar það róandi á taugakerfið og dregur þannig úr streitu. Þetta kemur til dæmis fram í lækkuðum blóðþrýstingi, betri svefni og minni hættu á taugaspennu af litlu tilefni. Auk þess getur magnesíum virkað vel gegn sjúkdómum eins og mígreni og órólegum ristli eða ristilkrampa. Vegna nútíma lifnaðarhátta hefur þörfin fyrir magnesíum aukist undanfarna áratugi. Allt að 75% fólks fá ekki nægilegt magnesíum dagsdaglega.*
Fæða okkar er magnesíumsnauð meðal annars vegna verri jarðvegs og meiri meðhöndlunar matvara sem sneyðir fæðuna mikilvægum vítamínum og steinefnum. Rannsóknir sýna að upptaka á magnesíumi í gegnum húð er frábær leið til að auka magnesíummagnið í líkamanum, það er auðvelt í notkun, veldur ekki meltingartruflunum eins og stundum gerist með töflur/duft og það virkar strax!

### EINKENNI MAGNESÍUMSKORTS GETA VERIÐ

- Svefntruflanir
- Sinadrættir og krampar
- Höfuðverkir
- Þróttleysi
- Veik bein
- Streita
- Pirringur

***Heimildir:*** **Institute of Medicine, Dietary Reference intake from calcium, phosphorus, magnesium, vitamin D and fluoride, Washington DC 1997*




### FÓTAÓEIRÐ

Magnesíum flögur eru frábærar út í bað. Magnesíumið smýgur inn í húðina, gerir hana mjúka og eykur um leið magnesíumbirgðir líkamans. Einnig er tilvalið að blanda flögunum í fótabað sem er bæði áhrifaríkt og hentugt gegn fótapirringi og þreytuverkjum.




### GÓÐ NÓTT

Magnesíum Goodnight er unnið úr Zechstein-magnesíumklóríði og bætt með þrúgukjarnaolíu til að auka nuddeiginleikana. Það inniheldur einnig bergamot-, grapeseed-, clary sage- og kamilluolíu sem hjálpa til við að róa og slaka og gefa róandi ilm. Dagskammturinn er 5-10 sprey. Spreyja skal þar sem húðin er þunn eða á það svæði sem meðhöndla skal.



## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**



KIA Sorento ex classic 140 hö. Árgerð 2005, ekinn 108 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.990587.



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 53 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.950.000. Rnr.140789.



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2012, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.210210.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bilar.is bílasala
Skráðu bílinn frítt hjá okkur

Skráðu bílinn frítt hjá okkur
100bilar.is bílasala

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA...sendu okkur upplýsingar um bílinn í gegnum seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð!!



Nizzan sunny, sjálfskiptur, ek 90þ km. V. 220þ. S:616 2597

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Til sölu dekkaður Skel 80 L strandveiðibátur með nýrri 110 hestafla Yanmar vél. Uppl. í síma 863-9932.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
99% RYKFRÍTT

### Rafvirkjun

**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.


**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
börn eiga rétt á
læknisaðstoð
og heilbrigðisþjónustu





# Gleðileg Jól

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
nyja.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Bílahöllin • Bíldshöfða 5 • 112 Rvk • S. 567 4949 • www.bilahollin.is

JS Ljósasmiðjan
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.velaverkjs.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
S. 562 1717 www.bilalif.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða.

ARCTIC TRUCKS
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Kletthálsi 3 • 110 Rvk
S. 540 4900

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2 - 110 RVK - 587 2000
www.toppbilar.is

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 • 110 Rvk • S. 586 1414
www.stora.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

KRÓKUR
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
www.krokur.net - Sími 522-4600.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
S. 587 1350
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
SKEMMUVEGUR 2 • KÓPAVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
S. 567 6699 • www.vidhald.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Fjórhjólalagerinn • www.4h.is
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

ÁSAFL EHF
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfirði
Sími: 562-3833 - Gsm: 863-5512
asafl@asafl.is - www.asafl.is
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
S. 894 8040 • 894 8044 • brotafl@simnet.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Alhliða garðþjónusta S. 866 9767
Garðaþjónusta Íslands ehf
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

GLUGGA GERÐIN
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Súðarvogur 5 • S. 566 6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
GARÐLIST ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
SÍMI: 554 1989
www.gardlist.is

RAFRÓS
Löggiltur rafverktaki
S: 544 4099 - 893 5565
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Rafstilling ehf
Dugguvogi 23 • S. 581 4991 • rafstilling@rafstilling.is
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 - 4188
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.fjardarbolstrun.is

Arna Rut Kristinsdóttir, s: 512 5421 ● Sigrún Helga Guðmundsdóttir, s: 512 5472

# KEYPT & SELT

## Til sölu







**MJÖG ÓDÝRT**
Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrifborðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnarhurðir, hitakútar og fl. Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

MJÖG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar í s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

Panasonic sjónvarpstæki selst með afslætti. Upplýsingar í síma 534-8555

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningar og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr per month
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475. Eftir klukkan 17.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



hreinræktaðir Husky hvolpar tilbúnir a ný heimili 1 strákur og 2 stelpur ættbókafærðir frá HRFÍ allar uppl. síma 8673551

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynl.sögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999




Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn.
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177




Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Starfsfólk Stakfells

Stakfell
:: 535_1000

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk




**VALHÖLL FASTEIGNASALA**






*Valhöll fasteignarsala óskar landsmönnum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**Opnunartími fasteignarsölunnar um jól og áramót:**
Föstudaginn 27. desember 12:00 – 17:00. Mánudaginn 30. desember 09:00 – 17:00. Lokað á gamlásdag, opnum aftur 2. janúar 2014.
Eins og alltaf er hægt að ná í sölumenn okkar utan opnunartíma í gsm-síma þeirra, sjá valholl.is eða uppl. í s: 588-4477.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðileg jól

## Með kveðju frá starfsfólki Bónus

# OPIÐ

## AÐFANGADAG
## 24.DESEMBER
## 10:00-14:00

FYRSTI OPNUNARDAGUR EFTIR JÓL

27.des Föstudagur 10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# AFGREIÐSLUTÍMAR UM HÁTÍÐIRNAR

## LÆKNISÞJÓNUSTA NEYÐARLÍNAN RAUÐI KROSSINN KVENNAATHVARF

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi**
Opin allan sólarhringinn alla daga.
**Aðalsímanúmer** 543-1000
**Beint innval við Hringbraut** 543-2050.
**Beint innval á slysadeild í Fossvogi** 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
Opin 9-23.30 allar helgar og helgidaga.
**Vitjanasími** 1770 (opinn allan sólarhringinn alla daga)
**Vitjunum** er sinnt frá **8-23.30** um helgar og hátíðisdaga.

**Neyðarlínan**
**Neyðarsími Neyðarlínunnar 112** er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðirnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
**1717** er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**
Hjá Stígamótum er lokað yfir hátíðirnar og milli jóla og nýárs.
Fólki er bent á **Neyðarmóttöku** og **Kvennaathvarfið**
**Stígamót** 562-6868

**Kvennaathvarfið**
**Opið** allan sólarhringinn, alla daga.
**Símanúmer** 561-1205.

**SÁÁ Göngudeild**
í Efstaleiti 7 er opin **9-12** á aðfangadag en á jóladag og annan í jólum er lokað. **Símanúmer** 530-7600.

Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

**Tannlæknar**
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysa- og bráðamóttöku þegar um alvarleg slys er að ræða. Tannlæknar skiptast þó á um að hafa stofur sínar opnar yfir hátíðirnar og skiptist það sem hér segir:
**Þorláksmessa**
Opið hjá Hlyni Þór Auðunsyni 8-12
**Aðfangadagur**
Opið hjá Hrafnhildi B. Þórsdóttur 8-12.
**Jóladagur**
Opið hjá Jóhönnu B. Bjarnadóttur 8-12.
**Annar í jólum**
Opið hjá Jóni Hjaltalín Gunnlaugssyni 8-12.
**Fimmtudagur 27. desember**
Opið hjá Kolbeini Viðari Jónssyni 8-12.
**Föstudagur 28. desember**
Opið á hjá Kristni Þorbergssyni 8-12.
**Laugardagur 29. desember**
Opið hjá Hrafnhildi E. Skúladóttur 8-12.
**Sunnudagur 30. desember**
Opið hjá Páli Ævari Pálssyni 8-12.
**Gamlársdagur**
Opið hjá Ragnari Arnarsyni 8-12
**Nýársdagur**
Opið hjá Hrafnhildi E. Skúladóttur 8-12

## APÓTEK

**Lyfja**
**Aðfangadagur**
**Opið 8-18** Afgreiðslustaðir Lyfju Lágmúla og á Smáratorgi
**Opið 10-13** Smáralind
**Opið 10-12** Blönduós, Borgarnes, Eskifjörður, Egilsstaðir, Grindavík, Grundarfjörður, Húsavík, Hvammstangi, Höfn, Ísafjörður, Neskaupstaður, Nýbýlavegur, Reyðarfjörður, Sauðárkrókur, og Seyðisfjörður.
**Opið 09-12** Keflavík, Laugavegur, Selfoss
Aðrir staðir verða lokaðir.
**Jóladagur**
**Opið 10-01** Lyfja, Lágmúla.
**Opið 8-24** Lyfja, Smáratorgi.
Lokað í öðrum afgreiðslustöðvum Lyfju.
**Annan í jólum**
**Opið 8-18** Lyfja, Lágmúla
**Opið 8-18** Lyfja, Smáratorgi.
**Opið 12-16** Lyfja, Keflavík.
Lokað á öðrum afgreiðslustöðum Lyfju um allt land.

**Árbæjarapótek**
**Aðfangadagur**
**Opið 9-12.**
Lokað á jóladag og annan í jólum.

**Lyfjaval**
**Aðfangadagur**
**Opið 9-12** Lyfjaval, Álftamýri og Mjódd
**Opið 10-14** Lyfjaval Bílaapótek.
Lokað á jóladag og annan í jólum á öllum stöðum

**Lyfjaver**
**Aðfangadagur**
**Opið 10-12.**
**Jóladagur.** Lokað.
**Annar í jólum**. Lokað.

## SAMGÖNGUR SUNDLAUGAR STÓRMARKAÐIR SÖFN

**SAMGÖNGUR**
**Þorláksmessa**
Strætó ekur eftir hefðbundinni áætlun.
**Aðfangadagur**
Ekið skv. laugardagsáætlun til kl. 14.
**Jóladagur**
Enginn akstur.
**Annar í jólum**
Akstur samkvæmt sunnudagsáætlun.
Nánari upplýsingar um síðustu ferðir er að finna á **straeto.is**

**SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Aðfangadagur**
**Opið 8-12.30** Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllin og Vesturbæjarlaug.
**Opið 8-12** Lágafellslaug og Sundlaugin Versölum.
**Opið 6.30-11** Ásvallalaug, Sundhöll Hafnarfjarðar og Suðurbæjarlaug.
**Opið 6.30-12** Seltjarnarneslaug
**Opið 10-12.30** Klébergslaug.
**Jóladagur**
Lokað í sundlaugum ÍTR.
**Annar í jólum**
**Opið 12-18** Árbæjarlaug og Laugardalslaug
**Opið kl. 9-16** Lágafellslaug.
Lokað í öllum öðrum laugum.

**STÓRMARKAÐIR**
**Hagkaup**
**Aðfangadagur**
**Opið til 16** Verslanir Hagkaupa í Skeifunni, Garðabæ og Eiðistorgi
**Opið 9-14** Aðrar verslanir Hagkaupa.
**Jóladagur**
Allar verslanir eru lokaðar.
**Annar í jólum**
**Opnað kl. 11** í verslununum í Skeifunni, Garðabæ og Eiðistorgi. Aðrar verslanir eru lokaðar.

**Nóatún**
**Aðfangadagur Opið 8-15.**
**Jóladagur** Allar verslanir eru lokaðar.
**Annar í jólum** Verslanir **opna kl. 11.**
**10-11**
**Aðfangadagur**
Allar verslanir **opnar til 17.**
**Jóladagur**
Allar lokaðar til miðnættis á jóladag nema á Akureyri, opnað klukkan 8 að morgni annars í jólum.
**Bónus**
**Aðfangadagur Opið 10-14.**
**Jóladagur Lokað.**
**Annar í jólum Lokað.**
**Krónan**
**Aðfangadagur Opið 9-13.**
**Jóladagur Lokað.**
**Annar í jólum Lokað.**

**SÖFN**
**Listasafn Reykjavíkur,**
**Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og Ásmundarsafni.**
**Aðfangadagur Lokað.**
**Jóladagur Lokað.**
**Annar í jólum Opið 13-17.**
**Listasafn Íslands**
**Lokað til 27. desember.**
**Þjóðminjasafn Íslands**
**Aðfangadagur**
**Opið kl. 11-12 fyrir jólasveininn.**
**Jóladagur Lokað.**
**Annar í jólum**
**Venjuleg opnun kl. 11-17.**
**Hafnarborg**
**Lokað til 27. desember**




Hressandi leiðangur í Eyjólfsstaðaskóg á Héraði er fullkomin byrjun á jólahaldi Aðalheiðar og Óskars, starfsmanna Fjarðaáls, og drengjanna þeirra. Saman njóta þau þess að geta valið sér jólatré úr skóginum og kunna vel að meta alla þá kosti sem gefast á hollri og góðri útivist á Austurlandi.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

# TÍMAMÓT

## Mikilvægast að finna gleðina

**Agnes Sigurðardóttir biskup nýtur jólanna með stórfjölskyldunni, les og borðar konfekt.**

Ég er ekki að messa á aðfangadag, mæti bara í Dómkirkjuna eins og hver annar kirkjugestur í kvöld," segir Agnes Sigurðardóttir, biskup yfir Íslandi, spurð hvernig aðfangadagskvöld sé hjá henni. „Hins vegar mun ég predika í Dómkirkjunni á jóladagsmorgun klukkan 11."

Agnes segir jólahefðir fjölskyldunnar misjafnar eftir árum, það fari eftir því hvar hún sé stödd, bæði á lífsins vegi og í veröldinni. „Nú bý ég í Reykjavík og öll börnin mín þrjú og sömuleiðis móðir mín og systir. Bróðir minn sem býr á Ísafirði kemur líka suður í ár, þannig að á jóladag mun öll stórfjölskyldan hittast og gleðjast saman, eins og við gerðum á meðan við bjuggum öll fyrir vestan."

Aðventan og jólin eru álagstími hjá prestum en Agnes segir álagið á sér vera mest á aðventunni. „Á jólunum predika ég bara einu sinni og svo aftur á nýársdag, en þess á milli er ég í jólafríi og nýt þess að umgangast fjölskylduna og njóta samverunnar við hana, lesa og borða konfekt. Besta birtingarmynd lífsins hjá mér er að liggja undir sæng með bók og konfekt, það er toppurinn á tilverunni."

Spurð hvað skipti mestu máli yfir jólin er Agnes fljót til svars: „Fjölskyldan," segir hún án hiks. „Samveran með fjölskyldunni skiptir mestu máli. Það sem kirkjan boðar á jólum er fagnaðarerindi og gleðiboðskapur og aðalatriðið við jólin er að sú gleði nái inn í hjarta manns."

Annað sem ber hærra á jólum en á öðrum árstímum er samhugur og hjálpfýsi og biskupinn segist kunna eitt ráð sem gagnist alltaf. „Það er ekki á mínu valdi að hjálpa öllum að gera jólin gleðileg, það er ekki á valdi einnar manneskju, en ég hef eitt tæki til þess eins og í öllum aðstæðum lífsins og það er að biðja fyrir fólki. Ég trúi því að ef maður biður þá taki Guð að sér málið og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því, þannig séð. Ég treysti því að Guð miskunni sig yfir allar manneskjur, líka þær sem eru einar og einmana og hjálpi þeim að finna einhverja gleði í hjarta sínu á jólum, þrátt fyrir allt."

fridrikab@frettabladid.is



**AGNES SIGURÐARDÓTTIR BISKUP** „Besta birtingarmynd lífsins hjá mér er að liggja undir sæng með bók og konfekt, það er toppurinn á tilverunni." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



†

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**VILBORG PEDERSEN**
**frá Þrastarhóli í Hörgárdal,**

verður jarðsungin frá Möðruvallakirkju laugardaginn 28. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Heimahlynningu Akureyrar.

**Hreinn Pálsson**
**Sigríður Kristín Bjarkadóttir**
**Salvör Jósefsdóttir** **Árni Ómar Jósteinsson**
**Ingibjörg Valgerður Jósefsdóttir** **Sigurður Svan Gestsson**
**Óskar Jósefsson** **Ingibjörg Sverrisdóttir**
**Haraldur Jósefsson**
**Sigrún Jósefsdóttir** **Friðbjörn Hilmar Kristjánsson**
**Hildur Jósefsdóttir** **Guðmundur Helgason**
**Níels Pétur Jósefsson** **Anna Jóna Sigfúsdóttir**
**Heiða Björk Jósefsdóttir** **Ingi Rúnar Jónsson**
**Sigríður Hrefna Jósefsdóttir** **Magnús Rúnar Árnason**
**Ólöf Harpa Jósefsdóttir** **Axel Grettisson**

---



†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og heiðruðu minningu við andlát ástkærrar móður okkar og bróður,

**HELGU JÓNSDÓTTUR**
**OG**
**JÓNS RÚNARS RAGNARSSONAR**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu, Brúnavegi, Hjúkrunarheimilisins Sóltúns, Blóðskilunardeildar Landspítalans og þeirra er sáu um akstur og aðstoð. Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jensína Sigurborg Jóhannsdóttir**
**Guðmundur Albert Jóhannsson**

---



†

Okkar ástkæri

**HALLDÓR ÞÓRÐARSON**
**Krossholti 13, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 21. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 3. janúar kl. 13.00.

**Hanna Björg Sveinbjörnsdóttir**
**Þórður Eyfjörð Halldórsson** **Sólveig Stefánsdóttir**
**Sveinbjörn Halldórsson** **Ásdís Ingadóttir**
**Kristín Björg Halldórsdóttir** **Bjarni Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN M. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Hrafnistu, Reykjavík,**
**áður Goðheimum 17, Reykjavík,**

lést 10. desember sl. Útförin fer fram í kyrrþey. Þökkum öllum þeim sem reyndust Sigrúnu vel. Bestu óskir um gleðileg jól.

**Ármann Sigurðsson** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Anna Sigurðardóttir** **Guðmundur Björnsson**
**Sigurður Kristinn, Björn, Anna Kristín, Sigrún Lóa, Kristinn, Jón Ólafur og barnabörn.**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN


---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og systir,

**ÞÓRDÍS ODDSDÓTTIR**
**Ketilsstöðum,**

lést fimmtudaginn 19. desember.

**Börn, tengdabörn og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær systir okkar og móðursystir,

**BJÖRG DAVÍÐSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Grund við Hringbraut þann 19. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Sjöfn Davíðsdóttir**
**Elín Klara Davíðsdóttir**
**Svava Ásdís Davíðsdóttir**
**og systrabörn.**

---

†



Elskulegur sonur minn,
bróðir, mágur og frændi,

**HALLDÓR SÆMUNDSSON**
**frá Patreksfirði,**

lést á heimili sínu, Fögruhlíð, Skálatúni, 15. desember. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 30. desember kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem hans vilja minnast er bent á Skálatúnsheimilið, s. 530-6600.

**Aðalheiður Kolbeins, systkini og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLI GUNNARSSON**
**Skógum, Kópaskeri,**

sem lést 19. desember 2013, verður jarðsunginn frá Snartarstaðakirkju föstudaginn 27. desember klukkan 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þórunn G. Pálsdóttir**

---

†



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐGEIRSSON**
**læknir,**
**Brúnavegi 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 23. desember. Útför auglýst síðar.

**Ása Jónsdóttir,**
**Guðgeir Jónsson** **Guðrún A. Árnadóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Ingvar Stefánsson**
**Jóhannes Heimir Jónsson** **Agnes Benediktsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN R. SÍMONARSON**
**skipstjóri,**

verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 28. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Úlfs Gunnarssonar, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði.

**Helga Þórdís Gunnarsdóttir**
**Björn Jóhannsson** **Kristín Á. Bjarnadóttir**
**María Björk Jóhannsdóttir** **Benedikt Jónasson**
**Guðmundur Friðrik Jóhannsson** **Dagný Rósa Pétursdóttir**
**Sigríður Erla Jóhannsdóttir** **Stefán Þ. Tómasson**
**afabörn og langafabörn.**

---

†



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR SIGURÐSSON**
**Skógarseli 11, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 22. desember á Droplaugarstöðum. Útförin verður auglýst síðar.

**Einar Oddur Ólafsson**
**Guðrún Hanna Ólafsdóttir** **Gunnar Jensen**
**Sigurður Óli Ólafsson** **Björg Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUÐRÍÐUR GÍSLADÓTTIR**
**Austurgerði 7, Kópavogi,**

lést 14. desember 2013. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 27. desember kl. 13.00.

**Sólveig Jónasdóttir**
**Ósk Ásgeirsdóttir** **Marinó Eggertsson**
**Gísli Hauksson** **Ágústa Kristófersdóttir**
**Erna Hauksdóttir** **Skúli Halldórsson**
**Valdís Hauksdóttir** **Rúnar Ólafur Axelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**ELÍSABET REYKDAL**
**Setbergi,**

lést á Sólvangi laugardaginn 21. desember. Útför verður auglýst síðar.

**Halldór Einarsson** **Unnur Jónsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir** **Haukur Bachmann**
**Jóhannes Einarsson** **Pálína Pálsdóttir**
**Friðþjófur Einarsson** **Hulda Júlíusdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Sigurður Gíslason**
**Pétur Einarsson** **Guðrún Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


GLÆSILEG
Jóladagskrá
24. des. kl. 08:00 - Sleðaferð með Valtý Birni og Jóa K.
25. des. kl. 09:00 - Jólagleði Svanhildar og Loga
25. des. kl. 14:00 - Jólatónleikar úr Betri stofunni
25. des. kl. 16:00 - Jólaboð Hemma Gunn
26. des. kl. 10:00 - Jólakaffi með Kollu
26. des. kl. 16:00 - Sálin hans Jóns míns og Nýdönsk 25 ára
Nánari dagskrá má sjá á Bylgjan.is
Google play
App Store
útvarp
sjónvarp
netið
síminn
BYLGJAN
989



**KL. 20:30 A CHRISTMAS CAROL**
Hugljúf jólamynd byggð á klassískri sögu eftir Charles Dickens með Jim Carrey í aðalhlutverki.

**Hugljúft aðfangadagskvöld**

**KL. 18:00**
**AFTANSÖNGUR Í GRAFARVOGSKIRKJU**
Bein útsending frá aftansöng í Grafarvogskirkju.



**KL. 19:05**
**JÓLATÓNLEIKAR MEÐ KK OG ELLEN**
Einstakir Jólatónleikar sem systkinin KK og Ellen héldu í Eldborg á sl. ári.



**KL. 22:10**
**SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN**
Mögnuð mynd með Kristen Stewart og Charlize Theron í aðalhlutverkum.



**KL. 07:00-20:30**
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3 KL. 21:10**
**NIKITA**
Ung kona, sem hlaut þjálfun hjá leynilegri stofnun á vegum stjórnvalda, segir henni stríð á hendur.



**3 KL. 22:30**
**JAMES DEAN**
Dramatísk mynd um líf hins goðsagnarkennda kvikmyndaleikara James Dean.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is VILD


## SUDOKU

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 4 | 3 | | 2 | 7 | |
| | | | | 1 | | | | |
| 3 | | 6 | 9 | 7 | | | 1 | |
| | 1 | | 6 | | | | | 2 |
| 8 | | 5 | | | | | | 3 |
| 6 | 4 | | | | 9 | | | |
| | | | 2 | | 5 | 3 | | 8 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| 5 | | 2 | 7 | | 4 | 1 | 9 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 4 | | | 7 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 8 | |
| | 7 | | | 4 | 9 | | 3 | |
| | | | | 2 | | | | |
| 3 | | | | 7 | | | | 1 |
| 6 | | 7 | | 5 | | 8 | | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 7 | 4 | |
| | | | | | | | | 2 |
| 9 | | | | | | 5 | | 8 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 6 | | 7 | 4 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | | 8 | | | | 3 |
| | | | | 5 | 3 | | | |
| 5 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | 8 | | | | 3 | |
| | 8 | | | | | | | |
| | 6 | | 4 | 2 | 9 | | | 5 |
| 1 | | | | | 8 | 2 | | |
| 2 | 4 | 3 | | | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 6 | 3 | 9 | 1 | 4 | 5 | 2 |
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 2 | 5 | 3 | 7 | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 4 |
| 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 6 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 6 | 9 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 3 | 8 | 4 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 7 | 6 | 9 | 3 | 5 | 8 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 9 |
| 1 | 8 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 3 | 5 |
| 4 | 7 | 9 | 3 | 6 | 5 | 8 | 1 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 |
| 7 | 9 | 8 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 |
| 2 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 8 |
| 6 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 2 | 5 | 1 | 4 | 9 |
| 4 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




## BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Vakað hef ég um hríð og hefi ég séð þá sýn er mér þykir mikils um vert, en það er mannsfótur sá er ég hygg að engi skal hér í kaupstaðnum ljótari vera.“

*Ólafur Haraldsson*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** ógrynni, **8.** hlaup, **9.** fálm, **11.** á fæti, **12.** óbundið mál, **14.** blæja, **16.** haf, **17.** tala, **18.** loga, **20.** skóli, **21.** kona.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stökk, **3.** líka, **4.** nennuleysi, **5.** hamfletta, **7.** lánsamur, **10.** nam burt, **13.** sjón, **15.** glyrna, **16.** gras, **19.** lést.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** of, **8.** gel, **9.** pat, **11.** tá, **12.** prósi, **14.** skýla, **16.** sæ, **17.** níu, **18.** eld, **20.** fg, **21.** flóð.

**LÓÐRÉTT: 1.** hopp, **3.** og, **4.** letilíf, **5.** flá, **7.** farsæll, **10.** tók, **13.** sýn, **15.** auga, **16.** sef, **19.** dó.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Haraldur Baldursson (1.980) fórnaði hrók í síðasta leik, 31. Hg1xg6+, á móti Gylfa Þórhallssyni (2.154) sem virtist líta mjög vænlega út.**

**Svartur á leik:**



**31.…fxg6 32. Dxg6+ Dg7 33. Dxe8+ Rf8!** Nú vaknar hvítur skyndilega við vondan draum því máthótunin á g2 tryggir svörtum unnið tafl. Hvítur reyndi **34. Hh8+** en varð mát eftir **34.…Dxh8 35. Kg3 Df6 36. Dc8 Df4# www.skak.is.** Gleðileg jól!



Golfstöðin
Ný
sjónvarpsstöð
3. janúar
Allt golf á einum stað!
Í fyrsta sinn eru öll risamótin og Ryder Cup á sömu sjónvarpsstöð.
Á Golfstöðinni verða beinar útsendingar 50 vikur á ári ásamt erlendum og
innlendum þáttum m.a. í umsjón Þorsteins Hallgrímssonar og Loga Bergmann.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | 365.is

# MENNING

# Útlitskröfur samfélagsins hlægilegar

„Að vera kona“ eftir Caitlin Moran er sjálfsævisöguleg feminísk bók sem fjallar um fáránleika kynjamisréttis. Þýðandinn, Anna Margrét Björnsdóttir, segist hafa orðið ástfangin af bókinni við fyrsta lestur og sér þyki enn rosalega vænt um hana.

Bókin Að vera kona kom nýlega út hjá útgáfufélaginu Uppheimum. Þýðandi bókarinnar er ungt skúffuskáld og verðandi skjalaþýðandi, Anna Margrét Björnsdóttir.

„Bókin er ævisöguleg og alveg sprenghlægileg á köflum,“ segir Anna Margrét. Útgáfufélagið hafði samband við hana og fór þess á leit að hún þýddi bókina. „Ég kynntist bókinni þegar ég var beðin um að þýða hana og varð alveg ástfangin af henni. Nú hefur hún verið barnið mitt í heilt ár og mér þykir rosalega vænt um hana.“

Frásagnarháttur bókarinnar er inn á milli mjög kankvíslegur. „Tilgangur bókarinnar er að sýna fram á hvað margt af því rugli sem konur standa frammi fyrir er í raun fáránlegt. Stundum áttar maður sig á fáránleika hlutanna þegar maður er farinn að hlæja að þeim. Margt af því sem ég las um í bókinni fékk mig til að hugsa með mér: „Guð minn góður, þetta er alveg rétt hjá henni!“ Hún spyr til dæmis hvers vegna nærbuxur kvenna fara sífellt minnkandi, og hvers vegna konur láta það yfir sig ganga. Ef maður er í vafa um hvort um kynjamisrétti sé að ræða er ágætis þumalputtaregla að spyrja sig: er þetta eitthvað sem karlmenn þurfa líka að hafa áhyggjur af? Oftar en ekki er það ekki svo. Þá spyr maður sig hvaðan þessi krafa kemur.“

Þó að bókin sé spaugileg er líka alvarlegur undirtónn í henni, enda umfjöllunarefnið alls ekki alltaf broslegt.

„Það eru dekkri hliðar á bókinni líka sem eru ótrúlega áhugaverðar. Það er einn kafli til dæmis þar sem hún fjallar um fóstureyðingar sem fékk mig til að sjá það málefni alveg í glænýju ljósi. Í kaflanum skrifar hún um eigin reynslu en hún fór sjálf í fóstureyðingu. Hún sagðist aldrei hafa verið í neinum vafa um það hvort hún ætti að eignast barnið, hún vissi að það vildi hún alls ekki gera. Konur í þessum aðstæðum eru svo oft málaðar sem fórnarlömb en hún upplifði sig alls ekki þannig. Ef kona getur ekki réttlætt fóstureyðinguna með því að hún hafi lent í að verða ófrísk og hún geti alls ekki eignast barnið, virðist viðhorfið vera að hún sé einfaldlega vond. Caitlin spyr hvers vegna konum er gert að skammast sín í þessum aðstæðum og hvers vegna þær fá ekki bara að ráða yfir sínum líkama sjálfar,“ segir Anna Margrét.

„Ég er ekki að þýða neitt eins og er en bókmenntir eru algjörlega mín ástríða. Ég er skúffuskáld og hef enn ekki gefið út eftir mig en er á leið á smásagnanámskeið í febrúar svo það er aldrei að vita hvert næsta skref verður.“

**Júlía Margrét Einarsdóttir**

**„Konur í þessum aðstæðum eru svo oft málaðar sem fórnarlömb en hún upplifði sig alls ekki þannig.**



**ANNA MARGRÉT BJÖRNSDÓTTIR** skúffuskáld og verðandi skjalaþýðandi.
VALLI/FRÉTTABLAÐIÐ

## Þorp í blokk í Breiðholtinu

BÆKUR ★★★☆☆

**Heimsendir fylgir þér alla ævi**
Eva Rún Snorradóttir
**BJARTUR**




Kápa þessarar fyrstu ljóðabókar Evu Rúnar Snorradóttur er bæði falleg og snjöll og hún tengist innihaldi hennar náið. Öll kápan, bæði framhlið, bakhlið og innábrot eru ein samfelld mynd af kunnuglegu mótífi, blokk í Breiðholti þar sem skiptast á gluggar og formuð steinsteypa í tveimur litum. Myndin vekur ýmis hugrenningatengsl, við geómetríska abstraktlist, fjölskyldualbúm, jóladagadagatal, skákborð og þannig mætti áfram telja, en vísunin í veruleikann er líka skýr, í Breiðholtið og ákveðið tímabil, áttunda og níunda áratuginn.

Ljóð Evu Rúnar eru augnabliksmyndir sem flestar eru frá þessum tíma og úr þessu umhverfi, úr einni blokk af mörgum þar sem búa „jafn margir íbúar/og í litlu þorpi úti á landi“. Hverfið er „Hrúga af þorpum/í stafrófsröð“ (7). Ljóðmælandi rifjar upp æsku sína í einu af þessum þorpum, barnaleiki og unglingsár, sársauka og gleði.

Sum ljóðanna eru kankvís, jafnvel bregður fyrir ljúfsárri nostalgíu á stöku stað en áhrifamestu ljóðin eru þau þar sem óvæntur sársauki eða ljótleiki ryðst inn í hversdagsleikann eins og ljóðið um nýju blokkina sem „stendur eins og til að fela/ að þarna hafi verið sjoppa./ Sjoppa með sælgæti og kjallara/ starfsmann sem kunni að nýta sér þetta tvennt/ og laskaði drengina í hverfinu“.(22)

Flest ljóðin eru án titils og saman mynda þau einn bálk. Þau eru einfaldlega myndir eða minningar sem tengjast ákveðnum stað og tíma. Form ljóðanna er mjög einfalt, þau eru nær algerlega laus við stílbrögð, myndmál, endurtekningar eða önnur mælskubrögð. Ljóðmálið er tilgerðarlaust og einfalt þótt á stöku stað komi það á óvart, ýmist með mjög barnalegu orðalagi eða klúru. Þetta einfalda form gerir kröfur til skáldsins. Í langflestum ljóðanna heppnast þessi aðferð vel og myndirnar sem dregnar eru upp verða eftirminnilegar og stundum sláandi, einstaka ljóð skera sig úr, auk þeirra sem vitnað er í hér að ofan má nefna „Kona leikur eina krónu“ (9) en auðvitað eru önnur síður eftirminnileg.

Heimsendir fylgir þér alla ævi er örstutt bók, 38 ljóð, flest aðeins nokkrar línur að lengd. Samt er í þessum ljóðum dreginn upp býsna sannfærandi heimur úr fortíðinni og ljóðin spanna vítt svið. Eva Rún fer vel af stað í þessari fyrstu bók sinni, þótt formið sé knappt og einfalt á yfirborðinu verður henni mikið úr efninu og bestu ljóðin í bókinni sitja í lesandanum.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Fyrsta ljóðabók efnilegs skálds, einföld ljóð sem draga upp eftirminnilegar myndir.

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. | Ásmundur Skeggjason lögg. fast. | Brynjar Baldursson sölufulltrúi | Jóhann Friðgeir Valdimarsson sölufulltrúi | Helgi Jónsson sölufulltrúi

Jólakveðja, starfsfólk Höfða fasteignasölu

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.





Þökkum viðskiptin á árinu.




**Opnunartími um jól og áramót:**
Lokað á aðfangadag, Jóladag, annan í jólum og á gamlársdag.
Við opnum klukkan 16:00 á nýársdag!

SAFFRAN

Glæsibæ • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni • Skoðaðu matseðilinn á saffran.is

Brandenburg

# Hefðir og jólasiðir systkina

Fréttablaðið tók púlsinn á systkinunum Tinnu og Hrafni Gunnlaugsbörnum og Heiðu Kristínu og Snorra Helgabörnum.


MYND/ÚR EINKASAFNI




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**„Föðurbræður okkar, Klepps-bræðurnir, eins og þeir voru stundum kallaðir, voru ekki mjög lagvissir, en sungu hátt og af innlifun, hver með sínu nefi. Dansinn endaði á því að allur hópurinn söng á dönsku: „Og nu har vi jul igen, og nú har við jul igen og julen varer helt til Påske ...“ og þá hoppaði öll hersingin og söng af mikilli kæti.**

**SYSTKININ,** Hrafn er elstur (1948) svo Þorvaldur (1950), stærðfræðingur, Snædís (1952), lögfræðingur, og Tinna (1954) í jólaboði hjá Maríu ömmu árið 1958. „Það eru margir litríkir karakterar komnir af þeim Þórði og Ellen Sveinsson,“ segja systkinin Hrafn og Tinna.

## Tinna og Hrafn „Við kölluðum þetta Kleppara-jól“

Hjá Tinnu þjóðleikhússtjóra og Hrafni kvikmyndagerðarmanni Gunnlaugsbörnum voru jólin hátíð stórfjölskyldunnar. Jólin voru tvískipt, aðfangadagskvöld með föðurfjölskyldunni og jóladagur hjá móðurfjölskyldunni. Á annan í jólum var hins vegar yfirleitt lítið um hátíðarhöld, það var oftar en ekki frumsýningardagur hjá móður þeirra, Herdísi Þorvaldsdóttur.

Föðuramma Tinnu og Hrafns, Ellen Johanne Sveinsson Kaaber, var komin af dönskum aristókrötum og frönskum Húgenottum, fædd og uppalin á Friðriksbergi í Kaupmannahöfn. „Þórður var stúdent í framhaldsnámi í geðlækningum í Kaupmannahöfn, þar sem hann kynntist Ellen. Nítján ára sigldi Ellen yfir úfið Atlantshafið um hávetur til að giftast Þórði. Þórður hafði þá verið skipaður yfirlæknir á fyrsta geðsjúkrahúsinu á Íslandi og þau stofnuðu heimili í prófessorsbústaðnum á Kleppi. Amma Ellen hélt alltaf í sínar aristókratísku hefðir og talaði alla tíð sína dönsku, þótt hún byggi á Íslandi í yfir sjötíu ár. En hún var ekki bara aristókrat, hún var líka lífsglöð og skemmtileg,“ segir Tinna. Þórður Sveinsson lést áður en systkinin fæddust og amma þeirra var flutt á Suðurgötu í Reykjavík þegar þau voru að alast upp. „Við vorum alltaf hjá henni á aðfangadagskvöld, en þá hélt hún danska jólaveislu. Fyrst var forréttur, svo dönsk önd sem hafði komið til landsins eftir óhefðbundnum leiðum og loks eplakruð með púrtvíni fyrir fullorðna fólkið. Eftir kvöldverðinn var opnað inn í dýrðina þar sem jólatréð stóð fullskreytt með dönskum fánalengjum og lifandi kertum. Svo var dansað í kringum jólatréð og sungið,“ segir Hrafn. „Föðurbræður okkar, Klepps-bræðurnir, eins og þeir voru stundum kallaðir, voru ekki mjög lagvissir, en sungu hátt og af innlifun, hver með sínu nefi. Dansinn endaði á því að allur hópurinn söng á dönsku: „Og nu har vi jul igen, og nú har við jul igen og julen varer helt til påske“ ... og þá hoppaði öll hersingin og söng af mikilli kæti,“ segir Tinna og Hrafn bætir við. „Þetta breyttist í hálfgerðan villimannadans. Ég hélt að svona ætti að dansa í kringum jólatréð. Ég varð voða hissa þegar dansinn endaði ekki svona hressilega annars staðar.“

Daginn eftir var svo boðið í jólaboð hjá ömmu Maríu, hún var líka ekkja, missti mann sinn ung frá mörgum börnum. Sá sem bauð til veislunnar var ömmubróðir okkar, Jón Víðis vegamælingamaður. Hann var sjálfur barnlaus og ógiftur, en sinnti börnum og barnabörnum systra sinna af mikilli alúð. „Það voru allt öðruvísi jól, meira svona randalínu-jól“ segir Hrafn og bætir við. „Þá var boðið upp á hangikjöt og uppstúf, malt og appelsín og allt þetta klassíska og grjónagrautur eftir matinn. Þar var mandla sett í grautinn og alltaf spenningur hver fengi möndluna því hann þurfti að standa upp og þakka fyrir sig og taka við verðlaununum. Nema hvað að eitt árið kom mandlan ekki fram. Þetta fannst okkur mikið leynilögreglumál að mandlan skyldi ekki birtast og það var leitað í grautarpottinum, en allt kom fyrir ekki.“ Og Tinna bætir við: „Það var ekki fyrr en seinna sem amma trúði okkur fyrir því að það var sjálfur Jón Víðis sem fékk möndluna, en hann tuggði hana og kyngdi. Það var ekki ljóst hvort það var vegna þess að hann var svo vandur að virðingu sinni og lítt gefinn fyrir sprell og leiki, eða svona utan við sig. Kannski fannst honum bara óviðeigandi að hann fengi verðlaun sem hann hafði sjálfur kostað til. Hann hefur sjálfsagt haldið að ekki yrði gert neitt veður út af þessu, en gat svo ekki farið að koma fram með sannleikann, fyrst hann gerði það ekki strax. Þó allir væru að furða sig á þessu og drengirnir í fjölskyldunni litu á þetta sem óupplýst sakamál.“

Hrafn hefur tekið upp þann sið á síðari árum að vera með opið hús á Laugarnestanganum um jól og áramót fyrir föðurfólkið sitt annars vegar og hins vegar móðurfólkið.

„Milli jóla og nýárs koma saman þeir af afkomendum Maríu ömmu og systra hennar sem tök hafa á og allir leggja eitthvað til, við köllum það Víðisjól til heiðurs Jóni Víðis. Á þrettándanum eru svo Kleppara-jól, eða Hadúa-jól. Þá er opið hús fyrir afkomendur Ellenar og Þórðar,“ segir Hrafn. „Við köllum þetta Kleppara-jól vegna þess að faðir okkar og systkini voru alin upp á Kleppi og Hadúa-jól vegna þess að í ætt Þórðar afa voru menn einstaklega hraðmæltir og skjótráðir og þar er sérstaklega getið forföður Þórðar, Jóns nokkurs, sem var stórbóndi á sína vísu og athafnamaður, en svo hraðmæltur að þegar hann sagði vinnuhjúum sínum til sagði hann alltaf „ha-dú!“ í lok setninga. Menn vilja meina að það hafi staðið fyrir; hafðu það svona og gerðu það nú! sem rann saman í eina upphrópun. Nú er litið á það sem eins konar „syndrome“ í okkar fjölskyldu að vera ha-dú. Það eru margir litríkir karakterar komnir af þeim Þórði og Ellen Sveinsson,“ segja systkinin.


MYND/ÚR EINKASAFNI


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MASSÍFT JÓLABARN** „Ég er massíft jólabarn. Ég dýrka þetta stöff. Allan pakkann. Músíkina, matinn, hangsið og tjillið og gjafirnar,“ segir Snorri Helgason.

## Heiða Kristín og Snorri „Aldrei fengið jafn glataða jólagjöf“

Heiða Kristín, framkvæmdastjóri þingflokks Bjartrar framtíðar og Snorri, tónlistarmaður, Helgabörn eiga margar góðar jólaminningar úr æsku. „Varðandi jólasiði og jólahald í æsku þá man ég nú bara helst eftir því hvað Snorri fékk lengi í skóinn,“ segir Heiða Kristín um jólahaldið á heimilinu. „Mig minnir að hann hafi verið að væla þetta út fram að fermingu. Enda með eindæmum stillt barn þannig að kannski var þetta ekkert skrítið í sjálfu sér. Ég var alltaf fremur skeptísk á þetta jólasveinadæmi allt, enda með eindæmum gáfað barn,“ segir Heiða Kristín, létt í bragði.

Snorri elskar jólin. „Ég er massíft jólabarn. Ég dýrka þetta stöff. Allan pakkann. Músíkina, matinn, hangsið og tjillið og gjafirnar. Ég held að það hafi alltaf verið þannig. Það gæti útskýrt þetta viljaleysi mitt til að horfast í augu við blákaldar staðreyndir og hætta að trúa á jólasveininn. Kannski vildi ég bara viðhalda þessu góða systemi sem var komið í gang?“ svarar Snorri fyrir sig.

Heiða Kristín minnist þess þegar hún kom að tómum skó einn morguninn. „Þá kom mamma niður með skál af M&M og sagði að jólasveinninn hefði beðið hana fyrir þetta. Þetta strækaði mig sem bull. Snorri keypti þetta eitthundrað prósent, enda þjónaði það hagsmunum hans,“ útskýrir Heiða Kristín.

Hún minnist þess einnig þegar hún fékk gítarpíanó í jólagjöf, fimm ára gömul. „Tuttugu og fimm árum síðar hef ég hvorki fyrr né síðar fengið jafn glataða jólagjöf. Ég spilaði hvorki á píanó, né gítar og geri ekki enn. Bryndís systir mín fékk skauta, Snorri fékk Matchbox-bílahöll og Pétur bróðir fékk smásjá. Eina lógíkin á bak við þessa gjöf í mínum huga er sú að faðir minn hafi hitt Grétar Örvarsson á götu eftir lokun verslana og í þeirra samtali hafi það runnið upp fyrir honum að ég hafi gleymst, þá hefur hann brugðið á það þjóðráð að kaupa af honum gítarpíanóið sem hann var með á öxlinni,“ bætir Heiða Kristín við.

Snorri man einnig eftir jólunum örlagaríku. „Ég man líka eftir þessari Matchbox-bílaþvottastöð sem ég fékk þessi jól sem Heiða fékk key-tarinn frá pabba. Ég man líka eftir því að sjá myndina Immortal Beloved um ævi Beethovens með Gary Oldman í aðalhutverki á svipuðum tíma og að laumast í þennan téða key-tar og pikka upp Óðinn til gleðinnar á það. Það var alla vega gott að einhver var að fíla þessa viðleitni föður okkar til að koma okkur inn í fjölskyldubissnessinn, sem er músík. En Heiða trylltist. Ég man það líka. Þú fokkar ekkert í Heiðu. Ekki einu sinni ef þú ert pabbi hennar. Það er bara þannig,“ segir Snorri kíminn.

**„Eina lógíkin á bak við þessa gjöf í mínum huga er sú að faðir minn hafi hitt Grétar Örvarsson á götu eftir lokun verslana og í þeirra samtali hafi það runnið upp fyrir honum að ég hafi gleymst, þá hefur hann brugðið á það þjóðráð að kaupa af honum gítarpíanóið sem hann var með á öxlinni.**

# VIÐ VERÐUM Á VAKTINNI

Viltu spara tilþrifin í eldhúsinu fyrir hátíðarsteikina? Láta okkur um eldamennskuna og hvíla þig aðeins á veislumatnum? Við ætlum að vera dugleg að hafa opið á næstu dögum, því fólk vill sínar Domino's-pizzur – og við tökum það hátíðlega!

| | 24. DESEMBER | 25. DESEMBER | 26. DESEMBER | 27. DESEMBER | 28. DESEMBER | 29. DESEMBER | 30. DESEMBER | 31. DESEMBER | 01. JANÚAR | 02. JANÚAR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN | LOKAÐ | LOKAÐ | OPNAR kl. 11 | 24/7 | 24/7 | 24/7 | LOKAR kl. 00 | LOKAÐ | OPNAR kl. 11 | 24/7 |
| HÖFÐABAKKI | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| GARÐATORG | LOKAÐ | LOKAÐ | 16-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 16-22 | LOKAÐ | 11-00 | 16-22 |
| HJARÐARHAGI | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-03 | 11-03 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| FJARÐARGATA | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-03 | 11-03 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| SPÖNGIN | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-03 | 11-03 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| UNDIRHLÍÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-01 | 11-01 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| NÝBÝLAVEGUR | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-03 | 11-03 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| KRINGLAN | LOKAÐ | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-20 | 11-18:30 | 12-18 | 11-19 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-21 |
| LÓUHÓLAR | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-03 | 11-03 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| SKÚLAGATA | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| HAFNARGATA | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| RJÚPNASALIR | LOKAÐ | LOKAÐ | 16-22 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 16-00 | LOKAÐ | 11-00 | 16-00 |
| SMIÐJUVELLIR | LOKAÐ | LOKAÐ | 16-22 | 16-22 | 11-22 | 11-22 | 16-22 | LOKAÐ | 11-00 | 16-22 |
| EYRARVEGUR | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-22 | 11-00 | 11-00 | 11-22 | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| HÁAHOLT | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |
| ÞÖNGLABAKKI | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | 11-22 | LOKAÐ | 11-22 | 11-22 |
| HRAUNBÆR | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | 11-00 | LOKAÐ | 11-00 | 11-00 |

NEW YORK: Nautahakk, beikon, cheddarostur



SÍMI 58 12345 DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

# Samkvæmisleikir fyrir jólaboðin

Fréttablaðið talaði við Íslendinga sem kunna samkvæmisleiki í jólaboðin. Leikirnir ganga flestir út á morð og annað óviðurkvæmilegt.


**AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR** setur upp svip sem er algeng sjón í gaddavír í píkunni.

**Auður Lilja Erlingsdóttir**, framkvæmdastýra VG.

## Gaddavír í píkunni

„Ég fór einu sinni oft í leik sem vinkonur mínar kynntu mig fyrir, og var kallaður Gaddavír í píkunni-leikurinn. Hann var kallaður þetta vegna þess að í fyrsta sinn sem farið var í leikinn í VG var valdamikill maður látinn halda því fram að femínistar væru bara kerlingar með gaddavír í píkunni. Leikurinn gengur út á það að láta nokkra einstaklinga í samkvæmi fá hlutverk til að leika eða setningu til að segja á miða og þeir einir vita að þeir eiga að leika þetta hlutverk. Þetta getur verið mjög skemmtilegt og yfirleitt er reynt að láta fólk ganga fram af öðrum með því að gera eitthvað úr karakter. Þetta veldur oft skemmtilegum uppákomum í partíum. Ég hef notað þennan leik mikið sem hópefli í Ungum vinstri grænum, þar sem ég hef látið fólk tala fyrir skoðunum sem eru alls ekki einkennandi fyrir þann félagsskap. En það er líka einstaklega fyndið að láta fólk hegða sér á einhvern almennt undarlegan hátt. Einu sinni hélt ég matarboð fyrir stjórnarmeðlimi þar sem ég fól varaformanninum mínum að vera sérlega gráðugur og láta eins og hann kynni ekki borðsiði. Hann stóð sig afar vel og á einhverjum tímapunkti tók hann heilt lambalæri með beininu upp og tók stóran bita af því og hellti síðan í sig úr rauðvínsflöskunni. Einu sinni var virðulegum eldri manni með norðlenskan framburð skipað að biðja fólk í sífellu um að koma í sannleikann eða kontór. Það var dásamlegt. Það mega ekki allir viðstaddir vita af leiknum. Ég var einu sinni óafvitandi þátttakandi í þessum leik og sat til borðs með borgarfulltrúa Vinstri grænna og hlustaði á hana réttlæta stórfellt mávadráp við Tjörnina, og ég skildi ekkert hvaðan á mig stóð veðrið. Þessi leikur býr til einkennilegt andrúmsloft þar sem fólk þarf að takast á við aðstæður sem það bjóst ekki við að lenda í, og það veldur mikilli gleði þegar gjörningurinn er afhjúpaður.“

**Steiney Skúladóttir**, háskólanemi

## Lúsífersborðið fyrir lúsera



„Ég bjó til jólaleik til að fara í yfir jólamáltíðinni. Gerðir eru miðar með persónum úr helgileiknum (María mey, vitringur með myrru, kráareigandi) og hver leikmaður dregur einn miða. Yfir jólamáltíðinni eiga leikmenn að reyna að finna út úr því hverjir hinir eru. Samræðurnar gætu verið í líkingu við þetta:
A: Hvað gerir þú?
B: Ég hugsa um kindur
A: Nú, já, ertu kannski fjárhirðir?
B: Já.
Þá er sá hinn sami úr leik og þarf að setjast við annað borð sem hefur verið útbúið, lúseraborðið, eða Lúsífersborðið því það eru jól. Eins og sést þá var B ekki mjög snjall og hefði verið mun betra ef hann hefði svarað t.d. „Ég hef áhuga á útivist“. Leikurinn gengur út á að vera útsjónarsamur í svörum og skarpur í hugsun. Leiknum lýkur þegar aðeins einn er eftir við matarborðið.“



**Kristín Einarsdóttir**, þjóðfræðingur.

## Engin utanlandsferð í verðlaun

„Það virðist nú ekki vera mikið um jólaleiki, en fólk spilar mjög mikið um jól. Það var bannað að spila á aðfangadag hér áður. Mörgum finnst óþægilegt að spila á aðfangadag og taka spilin upp í fyrsta lagi á jóladag. Ein kunningjakona sagði mér að hún færi í teningaspil með pakka á milli jóla og nýárs. Þá kaupa allir litla pakka, eitthvað ódýrt og fyndið. Svo eru pakkarnir settir í hrúgu á borðið og þau velta teningum. Sá sem fær sex má velja sér pakka úr hrúgunni. Svo er þetta gert nokkrum sinnum. Þegar allir eru komnir með pakka er stillt klukka og allir mega velta teningum eins oft og þeir geta þangað til þeir fá sex. Sá sem fær sex má stela pakka frá hinum. Þetta er gert nokkrum sinnum. Á þessu heimili þótti fyndnast að stela frá pabbanum þannig að hann stæði uppi pakkalaus. Þetta er tilvalinn eineltisleikur. Svo er möndlugrauturinn líka jólaleikur. Hann þekkja allir örugglega. Í Sögu daganna eftir Árna Björnsson er lýst leik frá því í gamla daga sem er þannig að á jólaföstunni skrifa allir sem koma í heimsókn nafnið sitt á miða og setja í skál. Síðan á aðfangadagskvöld drógu karlarnir um nöfn kvennanna og konurnar drógu úr skál með karlanöfnum. Síðan var fólk gefið saman og lesið ljóð úr ljóðabók sem var valið í blindni.

> **Sá sem fær sex má stela pakka frá hinum.**
> *Kristín Einarsdóttir*

Ein kona sagði mér að í jólaboði á milli aðalréttar og eftirréttar væri settur miði á ennið á einhverjum með nafni. Svo á þessi með miðann á enninu að giska hvaða nafn er á miðanum. Svo veit ég um afa sem lætur barnabörnin botna fyrriparta í málsháttum. Ég alltaf með félagsvist á milli jóla og nýárs og hef oft logið upp alveg skelfilegum vinningum. Einu sinni sagði ég að það væri utanlandsferð í vinning, en þá var það bara mynd af mér í útlöndum. Það var kannski svolítið ljótt af mér. Svo hef ég stundum farið í gátuleik eftir félagsvistina. Ég þekki líka hjón sem fá jólakort á hverju einasta ári þar sem stendur „Til hamingju með nýja barnabarnið“ eða „Skemmtilegar breytingar á húsinu“. Upplýsingarnar passa alltaf, þannig að það er einhver sem þekkir þau sem sendir kortið. En svo kemur mynd af einhverri fjölskyldu sem þau vita engin deili á. Þetta er búið að standa yfir í tíu ár. Þetta er einhvers konar jólakortaat. Ég vildi að mér hefði dottið þetta í hug!“




**Grímur Atlason**, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves.

## Drepur oft börnin sín til að villa um



„Ég fer alltaf í varúlfaleikinn með börnunum mínum. Best er ef þátttakendur eru 8-16. Allir setjast í hring og draga spil. Það eiga að vera tveir ásar í bunkanum, ein hjartadrottning og síðan lágspil fyrir hvern óbreyttan þorpsbúa. Einn þátttakandi er sögumaður. Hann þarf að vera skemmtilegur. Hinir draga spil. Þeir sem fá ása eru varúlfar. Sá sem fær hjartadrottningu er sjáandi. Hinir leika saklausa þorpsbúa. Allir sitja í hring og sögumaður lýsir lífinu í þorpinu, sem getur verið í Transilvaníu eða þess vegna á Raufarhöfn. Enginn veit hver er hvað nema þeir sjálfir. Síðan segir sögumaðurinn öllum að fara að sofa og þá loka allir augunum. Sögumaðurinn lýsir því sem gerist um nóttina. Þá vakna varúlfarnir og horfast í augu og koma sér saman um að myrða einhvern með því að gjóa augunum á hann. Sögumaðurinn bendir á þann sem á að deyja til að fá staðfestingu frá varúlfunum. Sjáandinn má líka opna augun og fylgjast með því hver myrðir. Hann má hins vegar ekki segja frá því. Svo vakna allir og sögumaðurinn tilkynnir hver er dauður. Svo gengur leikurinn út á að þorpsbúarnir eiga að giska á það hverjir eru varúlfar. Þátttakendur fá að ákæra einhvern og færa rök fyrir máli sínu. Síðan er kosið og ef það næst meirihluti fyrir ákærunni þarf sá sem er ákærður að halda varnarræðu. Að henni lokinni er aftur kosið um sekt hans. Ef hann liggur enn undir grun þarf hann að sýna spilið sitt. Ef spilið sýnir að hann sé varúlfur er hann úr leik. En ef hann er saklaus þá fá varúlfarnir annað tækifæri til að drepa fleiri þorpsbúa. Markmið þorpsbúanna er að uppræta varúlfana, markmið varúlfanna er að drepa alla þorpsbúana.

Það er margfræg saga af dóttur minni þar sem hún myrti mig og var ákærð fyrir það. Hún er með svona stór augu og í varnarræðunni opnaði hún augun upp á gátt og sagði „Á ég að hafa drepið pabba?“ Henni vöknaði um augu og það virkaði. Menn beita svona brögðum. Ég drep oft börnin mín þegar ég er varúlfur í leiknum til að villa um fyrir fólki.“


BORÐA
DREKKA
TYGGJA
WRIGLEY'S
Extra
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

GLEÐILEG JÓL
SAMBÍÓIN
TÍMARNIR GILDA 26. DES - 30. DES
SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 8 - 11:30 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET VIP | KL. 1 - 4:30 - 8 - 11:30 | |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:30 - 8 - 11:20 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 2 - 6 - 10 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 10 |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 2 - 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 - 2 - 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 11:30 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 1 - 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 10:30 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:30 - 7 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 12:20 - 3:40 - 7 - 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| RISAEÐLURNAR ÍSLTAL | KL. 3D: 12:20 2D: 12:30 - 2:30 | 7 |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 2:20 - 4:40 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 12:30 - 3 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 10:15 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 2 - 5:40 - 6:50 - 9:10 - 10:20 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:50 - 8:20 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 2 - 4:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 | L |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 11:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 4:20 - 8 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 11:30 | 10 |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 2 | L |

SMÁRABÍÓ GLEÐILEG JÓL HÁSKÓLABÍÓ




SÝNINGARTÍMAR GILDA FYRIR 26. DES.




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D 48R | KL 1 (TILBOÐ) 4.30 - 6 - 8 - 9.30 - 11.20 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL 1 - 4.30 - 8 - 11.20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL 5.20 - 8 - 10.35 | 10 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3 - 6 | 7 |
| FROSINN 2D ÍSL. TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3.20 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL 8 - 11 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL 2.30 (TILBOÐ) 4.30 - 6 - 8 - 9.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D ÍSL. TAL | KL. 4 (TILBOÐ) 6 - 8 - 10 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 2.30 (TILBOÐ) 4- 6 | 7 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 2 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 10 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
GLEÐILEG JÓL 5%




LOKAÐ Á AÐFANGADAG OG JÓLADAG! - SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 26. DESEMBER

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HOBBIT 2 3D (48R) | 2, 4, 6, 7:30, 10, 11 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | 8, 10:30 | 10 |
| RISAEÐLUNAR 3D | 1:45, 6 | 7 |
| FROSINN 2D | 1:45, 3:45 | L |


# Hann fékk tvær bækur

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



Ég var að velta því fyrir mér hvort að allir áttu jafn góð jól og ég. Ég veit að bróðir minn átti þau ekki af því að hann fékk tvær bækur.“ Svo ritaði pistlahöfundur í dagbók sína eitt aðfangadagskvöld fyrir um tuttugu árum. Gjafirnar sem mér höfðu hlotnast voru einnig taldar upp ásamt stuttri, en greinargóðri lýsingu á hverjum hlut. Mestu púðri eyddi ég þó í að segja frá stemningunni sem ríkti á heimilinu þetta kvöld. Það var augljóslega samverustundin með fjölskyldunni sem stóð upp úr, og það þrátt fyrir að hafa fengið skóna sem mig hafði lengi dreymt um að eignast (samkvæmt því sem fram kemur í dagbókarfærslunni).

Í dag er aðfangadagur jóla og því óhjákvæmilegt að rita nokkur orð um jólaandann. Það er auðvelt að falla í þann fúla pytt sem jólastressið er, enda í mörg horn að líta þegar halda á jól. Verkefnalisti minn hefur breyst töluvert frá því að ofangreind færsla var skrifuð, eðlilega, því nú er ég orðin fullorðin og geri sjálf allt sem tilheyrir jólaundirbúningnum: kaupi gjafir, bý til konfekt, baka, þríf heimilið hátt og lágt, skreyti og pakka inn. Horfnir eru dagarnir þar sem ég og systkini mín sátum eins og klessur og horfðum á jólateiknimyndir eða lékum okkur á meðan mamma sá um flest.

**EF** hægt er að leiða hjá sér allt hið vandræðalega sem ég tók upp á að skrásetja í umrædda dagbók, þá mætti jafnvel draga svolítinn lærdóm frá barninu sem ég var. Og hann er þessi: Þrátt fyrir góðar gjafir þá var það samveran með fjölskyldunni sem gladdi mig mest. Enn ein jólin með ömmu, maturinn hennar mömmu, pakkaútkeyrslan með pabba og félagsskapur systkina minna var það sem ég lagði heilar þrjár blaðsíður undir til að segja frá. Hafið það á bak við eyrað þegar stressið virðist ætla að ná yfirhöndinni. Og gleðileg jól!





**ÖÐRUVÍSI NÁLGUN** Jóhann Björnsson les öðruvísi hugvekju á X-inu á Aðfangadagskvöld og Frosti mun beita sér fyrir því að húmanísk hugvekja verði að árlegum atburði.

# Húmanísk hugvekja í fyrsta sinn á jólunum

Húmanísk hugvekja mun óma á X-inu klukkan 18 á aðfangadagskvöld. Frosti Logason, þáttarstjórnandi Harmageddons, segir hugvekjuna eiga við alla.

„Ég held að þetta sé í fyrsta skiptið í sögu íslensks útvarps sem eitthvað annað en guðsþjónusta í útvarpi hljómar klukkan 18 á aðfangadag,“ segir Frosti Logason, sem fékk hugmyndina að húmanískri jólahugvekju sem fer í loftið á X-inu 97,7 þegar jólin ganga í garð. Hugvekjan er samin af Jóhanni Björnssyni, námsstjóra Siðmenntar og grunnskólakennara. Frosti, sem er annar þáttarstjórnenda Harmageddons á X-inu, segir boðskap Siðmenntar samræmast mjög því sem rætt er í þættinum. „Við Máni [Þorkell Máni Pétursson útvarpsmaður] nálgumst viðfangsefni okkar gjarnan út frá þessari manngildisstefnu. Við vildum veita mótvægi við guðsþjónustuna á aðfangadagskvöld. Þessi jólahugvekja Jóhanns er algjör snilld og ég hvet alla til þess að hlusta,“ segir Frosti.

Jóhann Björnsson segir hugvekjuna meðal annars vera um tilgang jólanna. „Ég fjalla um jólin út frá ólíkum sjónarmiðum. Ég undirbjó mig vel áður en ég skrifaði hugvekjuna og ræddi við marga um hvað jólin séu fyrir þeim. Sumum finnst þetta vera kjörið tækifæri til þess að borða góðan mat, aðrir líta á þetta sem mikilvæga fjölskyldustund, enn aðrir fagna fæðingu Jesú og einhverjir fagna því að dag er tekið að lengja. Ég fjalla um öll þessi ólíku sjónarmið út frá húmanismanum,“ útskýrir Jóhann. Hann mun einnig fjalla um samfélagið og almenna skynsemi. „Ég skoða samfélagsmálin stuttlega út frá gildum þeirra sem aðhyllast húmanisma. Húmanismi eða manngildisstefnan gengur út á að leggja áhersluna á manneskjuna og leggur ekki traust sitt á æðri máttarvöld.“

Frosti telur að húmanísk jólahugvekja verði árlegur viðburður í útvarpi. „Það er grundvallarmisskilningur að halda að maðurinn hafi fengið siðferðið frá Jesú og úr trúarbrögðum. Það er öfugt. Trúarbrögðin fá siðferðið frá manninum. Við viljum vekja athygli á þessu á aðfangadagskvöldi og gefa fólki kost á að hlusta á skynsamlegan og góðan boðskap sem hefur siðferði að leiðarljósi.“

Húmaníska jólahugvekjan verður á dagskrá X-ins 97,7 á aðfangadagskvöld klukkan 18.

kjartanatli@frettabladid.is

# Ágætt – samt ekki best

ANCHORMAN ★★★☆☆

**Anchorman 2: The Legend Continues**

